

# MOSFELLINGUR

6. tbl. 7. árg. miðvikudagur 23. apríl 2008. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Þessir hressu krakkar tóku þátt í heilsudeginum að Varmá og voru ánægðir að loknu fjölskyldu- og skemmtihlaupi Eldingar.

Mynd/Magnús Már

## EIGN VIKUNNAR



### Hjarðarland

Vorum að fá sölu 203,9 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni í fallegum botnlanga við Hjarðarland. Verð kr. 46,8 m.

\*NÝTT Á SKRÁ\*

Kjarna,  
Pverholti 2  
Mosfellsbæ  
**586 8080**

[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)



**Fasteignasala  
Mosfellsbajar**



Einar Páll Kjærnsted  
Löggiltur fasteignasali

Sjá nánar á opnu



## RÉTTINGAVERKSTÆÐI

*Jóns B. ehf*

Flugumýri 2 Mosfellsbæ  
Símar: 566 7660 og 697 7685  
[jonrett@internet.is](mailto:jonrett@internet.is)



Vottað verkstæði

**CABAS**  
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



**Útgefandi:** Mosfellingur ehf.  
Skeljatanga 39, sími: 694-6426  
**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**  
Hilmar Gunnarsson  
**Blaðamaður:** Ruth Örnólfsdóttir  
ruth@mosfellingur.is  
**Umbrot og hönnun:** Mosfellingur  
**Prófkör:** Hjördís Kvarn Einarisdóttir  
**Ljósmyndari:** Magnús Már Haraldsson  
**Prentun:** Prentmet, 3500 eintök  
*Tekið er við aðsendum greinum á netfangið  
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær  
ekki vera lengri en 500 orð.*  
**Mosfellingur kemur út að  
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 16. maí

## Ríðandi hestamenn

Já, spurningin er hvar eigum við að hafa blessuðu hestamennina. Eins og fram kemur í blaðinu berjast þeir enn fyrir bættri reiðleið í gegnum Reykjahverfið og hefur sú



barátta staðið yfir lengi. Í lögreglusamþykkt bæjarins stendur orðrétt: *Ekki má ríða eða reka hesta um götur eða göngustíga í þéttbýli bæjarins.* En talandi um hestamenn þá hafa þeir aldeilis

verið í umræðunni að undanfögnu eftir umdeilt samkvæmi sem haldið var í félagsheimilinu. Það færi ekkert í taugarnar á mér persónulega ef t.d. eitthvert kvennfélag myndi fá til sín skemmtiatriði með karlkyns strippara. Hátt í ein milljón safnaðist á þessu umrædda kvöldi og það sem meira er að þeim fjárumunum verður varið til betri reiðstíga.

Harðar ásakanir hafa gengið manna á milli og herrarnir sakaðir um mannsal, kvenfyrirlitningu, hóprúnk og guð má vita hvað en það er vonandi að hestamannafélagið standi eftir óbugað og haldi sinni reisn.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



**Kjulli** frá Ísfugli  
langflottastur

www.isfugli.is



## Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Bjarni Sigurðsson prestur á Mosfelli fermdi stóran hóp barna í Lágafellskirkju. 25. maí næstkomandi eru 50 ár liðin frá þessaari fermingu sem fram fór á Hvítasunnudegi. Hópurinn var stór en auk Mosfellinga voru fermdir krakkar úr Árbænum en á þessum tíma þjónaði Mosfellsprestakall öllu þessu svæði. Landfræðileg sóknarmörk Lágafellssóknar í dag eru hin sömu og Mosfellsbæjar á flesta vegu, nema hvað Kjalnesingar allt að Kollafjarðarkleifum eiga kirkjusókn til Mosfellsbæjar. Í ár fermdust vel yfir 100 börn í Lágafellskirkju. Ýmis kunnuleg andlit eru á þessari skemmtilegu mynd frá árinu 1958 þ.á.m. fyrrum bæjarfulltrúarnir Magnús Sigsteinnsson og Þengill Oddsson.



## HÉÐAN OG ÞAÐAN



# PÍLUS

M O S F E L L S B Æ

H á r s n y r t i n g - v e r s l u n

**Fagmennska í fyrirrúmi**

**Áminning með SMS sendingu**

**Rjúkandi kaffi úr ný möluðum baunum**

**og súkkulaði moli**

**Það er Pílus**

**Þverholti 2 Kjarna Mosfellsbæ S:566 6090**



## NAMO flytur úr Kjarna í Grafarholt

Heildvöruverslunin Namó sem starfrækt hefur verið í Kjarnanum síðastliðin ár flytur nú Grafarholtið. Namó býður upp á íþróttavörur frá fremstu íþróttavöruframleiðendum heims m.a. Jako og Purelime. Namó mun opna á Guðríðarstíg 6-8 þann 5. maí. Rýmingarsala stendur nú yfir í Kjarnanum þar sem hægt er að gera kjarakaup fram á laugardag.



## Samningur á sviði félagsmála

Undirritaður hefur verið samningur á milli Kjósarhrepps og Mosfellsbæjar um ráðgjafapjónustu á sviði félagsmála. Samningurinn felur í sér að starfsmenn fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar annast verkefni á sviði félagsþjónustu fyrir Kjósarhrepp í samræmi við verklagsreglur aðilanna. Helstu verkefni eru félagsleg ráðgjöf, móttaka og úrvinnsla umsólna, fjárhagsaðstoð, félagsleg heimapjónusta, liðveisla og húsaleigubætur. Þetta þýðir að íbúar Kjósarhrepps leita beint til fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar varðandi ofangreinda málaflokka.

## KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Viðamikilli stefnumótunarvinnu fyrir bæjarfélagið er nú lokið

# Ný framtíðarsýn Mosfellsbæjar

Á undanförunum mánuðum hefur farið fram viðamikil stefnumótunarvinna fyrir bæjarfélagið. Í þeirri vinnu var hlutverk Mosfellsbæjar skilgreint auk þess sem framtíðarsýn bæjarfélagsins, gildi þess og helstu stefnuáherslur voru settar fram. Af-rakstur verkefnisins var enn fremur nýtt skipurit fyrir bæinn.

### Kraftmikið nútíma bæjarfélag


„Mosfellsbær er á margan hátt sérstakt bæjarfélag. Á tiltölulega skömmum tíma hefur bærin breyst úr friðsælli sveit í kraftmikið nútíma bæjarfélag,” segir Haraldur Sverrisson bæjarstjóri. „Mikilvægt er að endurskoða stefnu Mosfellsbæjar reglulega. Starfsemi og skipulag bæjarins byggir á stefnu sem var mótuð fyrir rúmum áratug. Það var því kominn tími til að ráðast í verkefni sem þetta.”

Það var Capacent sem stýrði stefnumótunarferlinu sem tók tæpa 6 mánuði. Fjöldi manns kom að verkefninu með einum eða öðrum hætti, starfsmenn bæjarins, íbúar og fulltrúar pólitísku flokkanna.

### Fjölskyldan í fyrirrúmi

Í framtíðarsýninni segir: *Mosfellsbær er eftirsótt bæjarfélag til búsetu þar sem fjölskyldan er í fyrirrúmi. Mosfellsbær er framsækið samfélag þar sem ábyrgðarkennd ríkir gagnvart náttúru og umhverfi auk þess sem hagkvæmni í rekstri og samfélagsleg ábyrgð er ávallt höfð að leiðarljósi. Stjórnsýsla og þjónusta Mosfellsbæjar er skilvirk, ábyrg, vönduð og í fremstu röð á Íslandi. Mosfellsbær er eftirsóknarverður vinnustaður hæfra einstaklinga þar sem áhersla er lögð á persónulega og nútímalega þjónustu.* Samhliða þessu voru gildi Mos-

Nýtt skipurit Mosfellsbæjar



Einn framkvæmdahópanna að störfum.

fellsbæjar ákveðin en þau voru skilgreind á fjölmennum fundi í Hlégarði. Gildin eru: **Virðing, framsækni, jákvæðni og umhyggja.**

### Breytt skipulag og skipurit

Í stefnumótunarferlinu voru myndaðir fjórir framkvæmdahópar um eftirfarandi málefni:

- Fræðslu, menningu og tómstundir
- Umhverfi og öryggi
- Bætta mannauðsstjórnun
- Ímynd og kynningarmál

Hóparnir lögðu fram tillögur að aðgerðaráætlunum til úrbóta á þeim atriðum sem betur máttu fara. Tillögur og hugmyndir þessara hópa hefur nú verið vísað til frekari umfjöll-



Haraldur Sverrisson segir mikilvægt að endurskoða stefnu bæjarins reglulega.

unar. Auk framkvæmdahópanna var myndaður stýrihópur fyrir verkefnið sem samanstóð af bæjarstjóra og framkvæmdastjórnum sviða. Stýrihópurinn lagði til breytingar á skipulagi og skipuriti bæjarins og hefur bæjarstjórn staðfest þetta skipurit. Samkvæmt því verða fagsvið Mosfellsbæjar fjögur auk eins stöðsviðs og tveggja stöðdeilda. Bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa eftir nýjum störfum mannauðsstjóra og forstöðumanni kynningarmála auk framkvæmdastjóra.

## Helgihald næstu vikur:

27. apríl

Guðsþjónusta í Mosfellskirkju kl. 11:00  
Prestur: Ragnheiður Jónsdóttir

4. maí

Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00  
Prestur: Jón Þorsteinsson

11. maí Hvítasunnudagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 11:00  
Prestur: Ragnheiður Jónsdóttir



Allar upplýsingar um helgihald og safnaðarstarf Lágafellssóknar er að finns á heimasíðu kirkjunnar.

## SÓKN Í SÓKN

- LIFANDI SAMFÉLAG  
Vertu með í sókninni!



MOSFELLSBÆR



### Leiklistarnámskeið!

Götuleikhúslistir fyrir 13-16 ára.  
Leikgleðinámskeið fyrir 6-16 ára.  
Upplýsingar á [www.leikmos.is](http://www.leikmos.is)

### Reiðnámskeið!

Reiðskóli Berglindar.  
Uppl. og skráning eftir kl. 16  
í s: 8996972 eða 5666401

### Skólagarðar!

Uppl. á Bæjarskrifstofunum  
5256700.

### Golfnámskeið!

Golfklúbbur Bakkakots  
Verður með nokkur námskeið í  
sumar. Uppl. í 8990769 og  
[jon@draumagolf.is](mailto:jon@draumagolf.is)

### Hreystinámskeið Eldingar!

Námskeið fyrir stelpur og  
stráka á aldrinum 10-13 ára.  
Nánari upplýsingar hjá Höllu  
Heimis í síma 897 0108

### Vinnuskóli Mosfellsbæjar!

Uppl. hjá Eddu í 5666058

### Knattspyrnunámskeið!

Afturelding verður með  
nokkur námskeið.  
Uppl. og skráning í  
Íþróttamiðstöðinni 5666754

### Sundnámskeið!

Kobba krókudíls og Hönnu hafmeyju.  
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni 5666754

# Sumarnámskeið í Mosfellsbæ sumarið 2008 barna og unglunga

### Handboltaskóli!

Handknattleiksdeild UMFA verður með  
handboltaskóla sem hefst 13. ágúst Uppl. Á  
[afturelding.is](http://afturelding.is) eða hjá Þórunni tota@hjalli.is

### Listanámskeið!

Sumarnámskeið í Álafossvos.  
Uppl. og innritun 6956694  
/5668587. Þriðd.-föstud. kl.13-19

### Útivistarnámskeið!

Mosverja. Uppl. hjá Ævari 5666757

### Myndlist og náttúra

Sumarnámskeið hjá Myndlistar-  
skóla Mosfellsbæjar. Fyrir börn á  
aldrinum 6-12 ár. Upplýsingar í  
síma 566 8710

## Sundlaugin að Varmá

Opið í sumar:  
Virka daga

06:30 - 22:00. Lengri opnun.  
Helgar 09:00 - 18:00.

Kíkið við og slappið af í nýja pottinum.  
Góð aðstaða til að fara í sólbað.

## Íþróttamiðstöðin Lágafell Sundlaug

Opið er virka daga frá kl. 06:30-21:30  
og um helgar frá 08:00 - 21:00.

## Heilsuakademían Lágafell!

verður með sund- og leikjanámskeið.  
Uppl. og skráning í síma: 5949666

### Leikjanámskeið!

Íþróttamiðstöðin hjá  
Mosfellsbæjar verður með  
3 námskeið í sumar.  
Uppl. í Íþróttamiðstöðinni  
í 5666754

### Golfnámskeið!

Golfklúbburinn Kjölur  
með nokkur námskeið.  
Uppl. í 5667415

### Fimleikanámskeið!

Fimleikadeild UMFA  
verður með 5 námskeið í  
sumar. Uppl. hjá Önnu  
Margréti 5666280  
[annamargret@simnet.is](mailto:annamargret@simnet.is)



## FRÍSTUND - kemur út í næstu viku

-þar má finna nánari upplýsingar um sumarstarf 2008



## Samningur um MotoMos brautina

Þann 2. apríl var undirritaður samningur milli Mosfellsbæjar og MotoMos um íþróttasvæði félagsins. Eins og áður hefur komið fram í Mosfellingi er um að ræða motocrossbraut á Tungumelum. Unnið er nú hörðum höndum að lokaútfærslu á hönnun brautarinnar sem kemur til með að verða ein sú flottasta á landinu. Á myndinni sjást Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Einar S. Einarsson Íslandsmeistari handsala samninginn.



## Bensínvaktin

Nú eru reknar þrjár bensínstövar hér í Mosfellsbæ. Hvar er ódýrast að taka bensín? Hér kemur verðið hjá stöðvunum þremur, þegar blaðið fór í prentun, miðað er við sjálfafgreiðslu.

### Olís við Langatanga

95 okt. 148,60 kr/ltr  
Diesel 160,00 kr/ltr

### Atlantía við Krikahverfi

95 okt. 148,90 kr/ltr  
Diesel 161,00 kr/ltr

### NI við Háholt

95 okt. 150,60 kr/ltr  
Diesel 162,60 kr/ltr

# Hestamenn og íbúar bíða úrbóta á reiðleið í gegnum Reykjahverfi Enn skal Reykjavegurinn riðinn

Hestamenn úr Herði fóru sína árlegu Fáksferð síðasta laugardag. Hér sást þeir ríða um Reykjahverfið, íbúum til líttillar ánægju. „Þetta er jafn leiðinlegt fyrir okkur eins og íbúana. Við erum lengi búinn að berjast fyrir bættum reiðvegum á þessum slóðum. Það hefur lengi verið á skipulaginu að leggja nýjan reiðveg frá Vesturlandsvegi við Varmá upp að Hafravatni. Frá því að Reykjavegurinn var malbikaður á sínum tíma hefur okkur, nánast á hverju ári verið lofuð ný reiðleið.“

## Eina leiðin

Leiðin sem til stendur að gera er í gegnum Teigagilið og athafnasvæðið við Meltún, í gegnum undirgöng við Teig/Ísfugl og í átt að Úlfarsfelli og að Hafravatni. Fyrir liggur frá bæjarstjórn samþykkt deiliskipulag frá október 2006 en ekkert aðhafist, segir Jóhannes Oddsson formaður Stóru reiðveganeftardarinnar. „Nú eru framkvæmdir hafnar við að malbikun á Engjavegi þannig að Reykjavegur er eina leiðin sem við höfum á þessum slóðum. Þetta er



Hófatakið dundi í Reykjahverfinu þegar hestamennirnir þustu þar hjá.



Harðarsprettur um íbúðargötu.



Reiðgata eða umferðargata?

jafnframt helsta samgönguleið okkar til nágrannafélaga okkar, yfir Hólmsheiðina og til Reykjavíkur.”

Búast má við stórauðum um-

ferð hestamanna á þessu svæði þar sem hestamennska á höfuðborgarsvæðinu er að færast í auknum mæli að Hólmsheiði.



Laugardaginn 19. apríl hófst áttak í Mosfellsbæ

## Hreinsunaráttak hafið

Laugardaginn 19. apríl var hreinsað rusl í og við Varmá. Skátafélagið Mosverjar og handknattleiksdeildin aðstoðu við hreinsunaráttak. Frjálsíþróttadeild hreinsaði opin svæði og knattspyrnudeild sá um byggingarsvæðin.

Íbúar eru hvattir til að taka til hendinni og gera hreint fyrir sínum dyrum. Starfsmenn áhaldahússins verða á ferðinni á næstu dögum og fjarlæga garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk. Gámar verða einnig aðgengilegir í hverfum bæjarins.



Skátarnir hreinsa Varmánnu.



## Vorferð – Snæfellsnes

Nú hefur fengist styrkur frá bankastofnun í ferðina um Snæfellsnes 25. og 26. júní. Hann verður notaður til þess að greiða niður kostnað fyrir þá sem vilja sigla um Breiðafjarðareyjar.

Skráning er í síma 5868014 eftir hádegi og hjá forstöðumanni félagsstarfsins til 16. maí.

## ELDRI BORGARAR



KJARNI · 24. APRÍL · KL. 20.00




## Sumartónleikar

Sigurður Þorbergsson básúnuleikari og Judith Þorbergsson píanóleikari munu blása inn sumarið með fjölbreyttri tónlist við allra hæfi.

Miðaverð er krónur 1.500 og 1.000 fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt fyrir 18 ára og yngri!  
Tónleikarnir verða haldnir í Kjarna, Mosfellsbæ, á sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 24. apríl kl. 20:00.

— Tónlistarfélag —  
— Mosfellsbæjar —



# ... og fjöllin urðu kyr

Síðasta vetrardag, 23.4.  
Í Listasal Mosfellsbæjar  
Þverholti 2  
Klukkan 20:30  
Aðgangur ókeypis



## Útgáfutónleikar

verða haldnir í Listasal Mosfellsbæjar á síðasta vetrardag 23. apríl, sem var jafnframt fæðingardagur Halldórs Laxness. Kvæði Halldórs gefa tóninn í dagskránni sem Bjarki Bjarnason og Sigurður Ingvi Snorrason tóku saman en hún var frumflutt á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar síðastliðið sumar. Auk þeirra sjá eftirtaldir listamenn um flutninginn: Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó, Hávarður Tryggvason kontrabassi og Þórunn Lárusdóttir leikkona. Geisladiskurinn verður til sölu á staðnum.

# Sumardagurinn fyrsti í Mosfellsbæ

Við Lágafellsskóla  
fimmtudag 24.4.2008



MOSFELLSBÆR



Skrúðganga leggur af stað frá Bæjarleikhúsinu klukkan 13:00

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar tekur á móti göngunni við Lágafellsskóla

Sjoppa - Tívolí - hoppukastali - gullkista - spákona - og margt fleira

Kaffisala og skemmtun í matsal Lágafellsskóla

Sr. Kjartan Jónsson flytur blessunarorð

Greta Salóme Stefánsdóttir og Hákon Bjarnason spila á fiðlu og píanó.

Leikfélag Mosfellsbæjar

Sigurvegari söngvakeppni Samfés, Stefanía  
Svavarsdóttir syngur sigurlagið

Frá hæfileikakeppni Bólsins

Eyrún og Harpa, sikus og dansatriði

Agnes Eir og Telma Rut, dansatriði

Fjöldasöngur

Leikfélag Mosfellsbæjar í  
Bæjarleikhúsinu

kl. 15:00 verður haldin barnaskemmtun  
í Bæjarleikhúsinu. M.a. á dagskrá er  
Þorri og Þura, Naglasúpan, Amma segir  
sögur, Nýju fót keisarans og  
Bakkabræður.  
Glens og gaman fyrir alla fjölskylduna!

Miðaverð aðeins 500 krónur  
Miðapantanir í síma 566 7788

Þórarinn Eggerts opnar veitingastaðinn Orange

# Ný upplifun í mat

Matreiðslumaðurinn Þórarinn Eggertsson og faðir hans Eggert Þór Sveinbjörnsson opnuðu á dögunum veitingastaðinn Orange sem staðsettur er í gömlu Hafnarbúðinni við Reykjavíkurhöfn. Upphaflega keyptu þeir veitingastaðinn Tveir fiskar og breyttu honum í þennan nýja glæsilega stað. Gestum staðarins verður boðið upp á nýja upplifun á mat og drykk. Matreiðslumenn staðarins leika sér með heljum, fljótandi köfnunarefni og fleiri efni úr Lotukerfinu til að framreiða mat á nýjan og spennandi hátt. Hugmyndin að baki Orange er að upplifunin skili sér jafnt í skemmtun sem og bragði.

Stefnt er að því að bjóða gestum uppá óvæntar uppákomur af ýmsu tagi. Þórarinn hefur starfað á mörgum af betri veitingarstöðum landsins en hann er meðlimur í landsliði matreiðslumanna. Hann náði þeim merka árangri að hreppa titilinn matreiðslumaður ársins 2005. Spennandi verður að fylgjast með þessum nýstárlega veitingastað.



Félagarnir Hallur Jónasson og Þórarinn Eggertsson standa saman að baki Orange.



Þórarinn vandar til verks í eldhúsinu.



Boðið er upp á fjölda spennandi rétta.

## Stofnfundur íbúasamtaka í Leirvogstungu

# Íbúasamtök stofnuð

Næsta þriðjudag, 29. apríl, verður haldinn stofnfundur íbúasamtaka Leirvogstungu. Meiri hluti lóða er seldur og þegar eru margir fluttir inn í hverfið. Nokkrir íbúar tóku sig því saman og mynduðu bráðabirgðastjórn sem setti upp drög að markmiðum og lögum samtakanna. „Okkar meginmarkmið er að ná íbúum saman og að koma upp góðum anda í hverfinu,“ segir Rúnar Þór Guðbrandsson hvatamaður að stofnun samtakanna. „Hverfið er dálítið út af fyrir sig og hannað með það í huga að í því náist upp góður hverfisandi. Á fundinum stefnum við að því að móta stefnu félagsins, ljósa stjórn, leggja fyrir tillögu að lögum og svo náttúrulega að koma fólkinu saman. Eitt mál sem verður eflaust rætt á fundinum er árlegur Leirvogstungudagur þar sem íbúar koma saman, grilla og skemmta sér.“

### Markmið íbúasamtakanna

- Markmið samtakanna eru:
- Að stuðla að samhug og samkennd íbúa hverfisins.
- Að vera samstarfsveitvangur íbúa og félagasamtaka á svæðinu.
- Að vinna að framfara- og hagsmunamálum í hverfinu.



- Að starfa með uppbyggingaraðilum og opinberum aðilum sem fara með málefni hverfisins og íbúa þess.
- Að stuðla að samstarfi við íbúa annarra hverfa.

Stofnfundurinn verður haldinn í Kiwanishúsinu í Leirvogstungu og hefst kl. 20.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir liðandi  
stundar úr dagbók  
lögreglunnar



Ég ætla nú að setja fram samantekt sem nær yfir 1. ársfjórðung þ.e. jan, feb. og mars. Allar viðmiðanir hér að neðan gilda um 1. ársfjórðung árunna 2007 og 2008.

### Hraðamál ánægjulegar fréttir

Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2008 eru bókuð hjá okkur 16 tilfelli, en þá eru göngin ekki talin með sem mundi líka telja til lækkunar tilfella. Á fyrsta ársfjórðungi ársins 2007 eru hins vegar bókuð hjá okkur 76 tilfelli, og göngin ekki þar með. Þetta er fækkun hraðatilfella um 60 tilfelli sem hlýtur að vekja von um að þessum brotum geti fækkað enn meir þó þau verði aldrei alveg kveðin niður.

### Öryggisbúnaður ekki notaður

Á sama tímabili og að ofan er getið hafa 8 mál komið til bókkunar hjá okkur árið 2008 en árið 2007 voru þau 10 þ.e. fækkun um 2 og skal gleðjast yfir því. Þarna ber mest á vöntun á að nota öryggisbelti en einnig hafa komið upp þau skelfilegu tilfelli þar sem börn hafa ekki verið í þar til gerðum barnabílstólum.

### Skoðunarmál

Það ánægjulega blasir við hvað það varðar að eigendur ökutækja sinni skyldu sinni til að láta skoða bifreiðar sínar. Þessi hvimleiddi trassaskapur virðist vera á miklu undanhaldi sem merkja má á því að til bókkunar hjá okkur er aðeins 1 tilfelli árið 2008 á móti 25 árið 2007. Þetta er svo ofboðslegur munur að ég þorði ekki annað en að tví fara yfir bókanirnar en ánægjulegt til þess að vita að þetta er staðreind.

### Ölvun við akstur

Þar er einnig um talsverða fækkun að ræða hér á svæði okkar. Þetta tímabil á árinu 2008 hafa verið bókuð 5 mál varðandi ölvun við akstur, en á sama tíma árið 2007 voru 10 bókanir.

### Þjófnaðarmál

Þjófnaðarmálum allt frá búðahnupli upp í innbrotamál hefur einnig fækkað. Árið 2008 voru færð til bókkunar 20 slík mál en árið 2007 voru færð 35 mál til bókkunar.

### Eignaspjöll

Enn einn gleðigjafinn en skemmdarverkum hefur fækkað milli ára um 7. Árið 2008 voru færð 20 slík mál til bókkunar en árið 2007 voru 27 tilfelli.

### Gullmolarnir okkar

Jæja nú fara gullmolarnir okkar að verða meira og meira á ferðinni á sínum litlu farartækjum reiðhjólunum. Við hvetjum alla til að virða umferð þessara kríla og hjálpa ef þörf er á, og til ökumanna sendum við þá beiðni að þeir verði vakandi og gætnir við akstur hér í íbúðahverfunum þar sem ávallt má búast við barni á hjóli. Höldum áfram að njóta þess að vera með nánast engin reiðhjólaláslys þ.e. sem tengast akstri okkar ökumanna.

### Rúður

Eitt er vert að benda á en það er útsýni okkar úr bifreiðunum. Nú þegar blessuð sólin er komin til að verma okkur veldur hún samt ákveðnum óþægindum. Þar á ég við það að ef rúður eru ekki hreinar og sól skín á móti okkur þá skerðist útsýnið að miklum mun. Það er ekki nóg að þrifa þær að utan það þarf einnig að þrifa þær að innan. Látum ekki letina verða til þess að eitthvað það gerist sem fylgir manni ævina alla og munið að þetta gildir um allar rúður, við nefnilega ökum líka aftur á bak, og ekki gleyma speglunum þeir eru partur af yfirsýn okkar.

### Umferðaróhöpp

Svarti bletturinn á annars gleðifréttum er sá að umferðaróhöppum milli árunna 2007 og 2008 hefur fjölgað. Árið 2008 voru bókfærð 48 umferðaróhöpp en árið 2007 voru bókfærð 44 umferðaróhöpp. Kannski má rekja þetta til mjög slæmrar færðar og veðurs undanfarna mánuði. ??

Munið neyðarnúmerið 112

Göngum glöð að heiman og komum glöð heim  
kveðja, lögreglumenn í Mosfellsbæ.



# Menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar 28. apríl til 2. maí 2008

Hin árlega Menningarvika leikskóla Mosfellsbæjar verður dagana 28. apríl til 2. maí í Kjarnanum. Öll börn í leikskólum Mosfellsbæjar vinna listaverk sem verða til sýnis í Kjarnanum.

Börn af leikskólum bæjarins mæta í Kjarnann, skoða sýninguna og syngja fyrir gesti og gangandi.

## Dagskrá:

Mánudagur 28 apríl: Sýningin sett upp í Kjarnanum

Þriðjudagur 29 apríl: Árgangar 2004-2005-2006 mæta í Kjarna og syngja kl: 10:40

Miðvikudagur 30 apríl: Árgangur 2003 mætir í Kjarna og syngur kl:10:40

Föstudagur 2 maí: Árgangur 2002 mætir í Kjarna og syngur við undirleik nemenda Listaskóla Mosfellsbæjar kl: 14:00



Þetta er í 5 sinn sem Menningarvikan er haldin og hefur hún vakið verðskuldaða athygli. Sýningin gefur innsýn í það frábæra, fjölbreytta og metnaðarfulla starf sem unnið er í leikskólum bæjarins.



Við hvetjum alla bæjarbúa til að mæta í Kjarnann vikuna 28. apríl til 2. maí.

# Alltaf á ferð og flugi

**P**að myndi æra óstöðugan að ætla að tíunda öll þau áhugamál sem Pengill læknir hefur tekið sér fyrir hendur á þeim áratugum sem liðnir eru frá því að hann útskrifaðist sem læknir. Listinn er langur og hann ávallt tilbúin til að prófa eitthvað nýtt.

Pengill hefur einstaklega rólegt yfirbragð, horfir einarðlega á þá sem hann talar við og röddin er mild. Hann ber það með sér að honum líði vel þótt annríkið sé mikið.

## Fæddist á Vífilstöðum

Pengill fæddist á Vífilstöðum 24. maí 1944, sonur hjónanna Odds V. G. Ólafssonar yfirlæknis og alþingismanns og Ragnheiðar Jóhannsdóttur hárgreiðslumeistara, þau eru bæði látin. Hann á fimm systkini, eldri eru þeir Vífill og Ketill en yngri eru þau Ólafur, Guðríður og Jóhannes. Hann fluttist í Mosfellsbæ þegar hann var eins árs, er alin hér upp og hefur búið allar götur síðan.

Pengill útskrifaðist sem stúdent frá MA og hélt síðan út til náms í læknisfræði við Dickenson College í Bandaríkjunum. Eftir ársdvöl þar fór hann í Háskóla Íslands og útskrifaðist sem læknir árið 1970. Eftir það hóf hann nám í embættislækningum við Norræna heilbrigðisskólann í Gautaborg og lauk öllum tilskyldum námsgreinum. Árið 1972 fékk hann almennt lækningaleyfi og sérfræðingaleyfi í heimilis og embættislækningum árið 1995.

## Á Vopnafirði í níu ár

„Fyrstu árin eftir læknanámið starfaði ég sem héraðslæknir á Vopnafirði og þar bjuggum við hjónin í níu ár“ sagði Pengill þegar ég spurði hann hvar hann hafi byrjað læknaferil sinn. Við fluttum aftur í Mosfellsbæinn 1981 og þá hóf ég störf við heilsugæsluna hér í bæ sem yfirlæknir og hef verið yfirlæknir hennar síðan. Fyrstu sautján ár-



Á brúðkaupsdaginn 29. janúar 1966.

in þegar heilsugæslan var rekin af Reykjalundi vann ég jafnframt við endurhæfinguna sem þar er rekin.

Eftir að fjölga fór í héraðinu varð að stækka stöðina og árið 1998 var hún flutt frá Reykjalundi í Kjarnann þar sem hún er staðsett í dag.

En hvernig er staða Heilsugæslunnar í dag, megum við bæjarbúar vænta einhverra breytinga miðað við gríðarlega fólksfjölgun hér í bæ? „Nei því miður segir Pengill, heilsugæslan er mönnuð fimm læknum eins og hún var fljótlega eftir að hún flutti frá Reykjalundi í Kjarna. Ekki hefur fengist leyfi fyrir stækkingun stöðvarinnar og fjölgun lækna frá stjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Ástandið er mjög slæmt því í dag er nær ómögulegt að veita þá þjónustu sem íbúarnir eiga rétt á að njóta.“

Frá árinu 1994-2007 sinnti Pengill læknaströfum í þyrilusveit Landhelgisgæslu Íslands. Hann var ráðinn árið 1998 sem yfirlæknir Flugmálastjórnar og gegnir því starfi enn, jafnframt er hann fulltrúi Íslands í JAA sem eru flugöryggissamtök Evrópu.

## Golfið aldrei heillað

Pengill fékk áhuga á flugi mjög ungur og í þá daga var Mosfellsbærinn aðalæfingarsvæði lítilla flugvéla. „Hér voru vélarnar á sveimi í góðu veðri og lentu stundum á skeiðvelli sem var þar sem Reykjahverfið er í dag“ segir Pengill þegar ég spur hann út í flugáhugann. „Þegar ég var fjórtán ára fékk ég að fara með í eina og eina ferð sem varð til þess að ég fór að læra flug 16 ára, tók einkaflugmannsprófið 18 ára og hefur stundað einkaflug síðan. Ég á flugvél sem staðsett er á Tungubökkum og mér líður hvergi betur en í háloftunum.“

Pengill er mikill útivistarmaður og hefur mikinn áhuga á öllu sem við kemur veidum, hvort sem er skotveiði eða stangaveiði, og er duglegur við að ganga á fjöll.

„Ég hef einnig ferðast mikið um landið á hestum og notið þess mjög, svo hef ég unun af að skreppa á hálendið og þá annað hvort á jeppum eða flugvélum. Eina sportið sem hefur aldrei heillað mig er golf en afhverju veit ég ekki.“

## Í pólitík fyrir alvöru

„Á Vopnafirði fór ég að skipta mér af pólitík fyrir alvöru og settist þar í sveitastjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Eftir að ég flutti aftur suður þá leið ekki á löngu þangað til að ég byrjaði aftur í pólitíkinni. Ég bauð mig fram og var kosinn í bæjarstjórn Mosfellsbæjar og átti sæti í henni frá 1986-1994. Ég var forseti bæjarstjórnar frá 1991-1992 og formaður skipulagsnefndar frá 1990-1994.“

Ég spur Pengil hvort hann sé hætt-



## MOSFELLINGUR

ur í pólitík? „Ég er hættur að minnsta kosti opinberlega en pólitíkin blundar vissulega í mér ennþá. Þegar ég var í bæjarstjórn þá vorum við með hreinan meirihluta. Það má segja að við þær aðstæður sé betra að stjórna, nú sér maður að oft er verið að gera málamiðlanir sem ekki eru alltaf jafn heppilegar.“

## Fimmtán barnabörn

Pengill er giftur Steinunni Guðmundsdóttur húsmóður, dætur þeirra eru Eva, viðskiptafræðingur, fædd 1966, Hrefna, læknir, fædd 1972 og Ragnheiður, viðskiptafræðingur, fædd 1974. Fyrir átti Pengill dótturina Svanhildi sem er fædd 1964 og starfar sem hjúkrunarfræðingur, auk þess sem hann á stjúpdótturina Áslaugu fædda 1963.

„Sameiginlegt áhugamál okkar hjóna er að ferðast og höfum við gert

töluvert af því. Konan mín hefur ekki verið dugleg við að stunda veiðar eins og ég en kemur með mér í laxveiðarnar. Við hjónin eigum sumarhús við Langá á Mýrum og þangað förum við oft jafn sumar sem vetur til að hlaða batterín.“ segir Pengill er ég spur hann hvað fjölskyldan geri í frístundum sínum.

„En svo eigum við stórfjölskyldan sveitabæ austur á Vopnafirði. Jörðin liggur að Selá og þangað er farið oftar en einu sinni á sumrin til að veiða. Dæturnar og tengdasynirnir eru öll farin að veiða og eitthvað af barnabörnunum eða þau sem hafa náð þeirri stærð að hafa vald á veiðistöng. Það má sannarlega segja að veiðin sé orðið fjölskylduáhugamál.“ segir Pengill brosandí er ég kveð hann að lokum.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni



Pengill við störf í Scoribysundi á Grænlandi árið 1995.



Eins árs og nýfluttur í sveitina.

# Heilsuvika í Mosfellsbæ


Heilsuvika fór fram í Mosfellsbæ dagana 14.-19. apríl.

Heilsuvikan endaði síðan með pomp og prakt á sérstökum heilsudegi, laugardaginn 19. apríl. Fjöldi fólks lagði leið sína að Varmá þar fór fram fjölskyldu- og skemmtihlaup Eldingar. Hjúkrunarfræðingar frá heilsugæslunni voru á staðnum og gáfu góð ráð.

Þessar skemmtilegu myndir er af heilsuhaustum Mosfellingum. Takk fyrir þátttökuna.



## LÝÐHEILSUHORNID



## ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

Tökum að okkur alla almenna jarðvinnu og yfirborðsfrágang.



# JARÐMÓTUN

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbæ S 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

## VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR



Fullkornustu grindarréttinga- og mælitæki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést að vel er hönnuð iðjan og nýja tækni nýtir best Nýja Bílasmíðjan

Flugumýri 20  
270 Mosfellsbæ  
Sími: 566 8200-566 8201  
Fax: 566 8202  
Netfang: nybil@centrum.is



BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR

ÞAÐ SEM TIL PARS



# VGH

## MOSFELLSBÆ

### Verktaki - Vélaleiga

GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



# ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

[WWW.ALAFOSS.IS](http://WWW.ALAFOSS.IS)



OPÍÐ: virka daga 11:00-18:00 og eftir samkomulagi

gsm 894 1825 [www.simnet.is/essinn](http://www.simnet.is/essinn) [essinn@simnet.is](mailto:essinn@simnet.is)

ALHLIÐA  
INNÞÖMMUN  
MERKING OG  
MYNDA SAUMUR

GJAFAVÖRUR Í  
ÚRVALI

# Fasteignasala Mosfellsbæjar

Kjarna, Pverholti 2  
Mosfellsbæ  
[www.fastmos.is](http://www.fastmos.is)  
Sími: 586 8080



EINAR PÁLL KJÆRNESTED  
Lögiltur fasteignasali

## Fálkahöfði – 4ra herb + bílskúr

### \*\*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá 121,9 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð með SERINNGANGI og sér garði, ásamt 29,2 m<sup>2</sup> BÍLSKÚR í góðu fjölbýlishúsi við Fálkahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin er björt og rúmgóð, rúmgóð svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kari og sturtuklefa og sér þvottahús. Mjög gott aðgengin er að íbúðinni og bílskúrinn beint á móti henni.  
Verð 32,8 m.



## Hjarðarland – 204 m<sup>2</sup> parhús

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá sölu 203,9 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með miklu útsýni í fallegum botnlanga við Hjarðarland í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er forstofa, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Á efri hæð er stór og glæsileg stofa, sjónvarpshol, svefnherbergi og stórt eldhús m/borðkrók. Falleg aðkoma er að húsinu, skjólgóð lóð og gott bílplan.  
Verð kr. 46,8 m.



## Súluhöfði – 94,1 m<sup>2</sup> sérhæð

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá glæsilega 94,1 m<sup>2</sup> neðri sérhæð – jarðhæð, í mjög snyrtilegu og flottu tvíbýlishúsi við Súluhöfða í Mosfellsbæ. Tvö góð svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús, baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla. Mjög stórt hellulagt bílastæði fyrir tvo bíla, góð verönd og afgjirt timburverönd með skjólgirðingu. Topp eign á besta stað.  
Verð 29,5 m.



## Furubyggð – 112,4 m<sup>2</sup> raðhús

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá í sölu 112,4 m<sup>2</sup> endaraðhús á einni hæð á stórrí hornlóð í grónu og fallegu hverfi í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulagt raðhús á tveimur pólum, hannað af Ingimundi Sveinssyni, arkitekt. Í íbúðinni eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottahús, eldhús með borðkrók og stór stofa/sólstofa. Stór mikil hornlóð í suður og vesturátt og gott bílplan fyrir framan húsið.  
Verð 32,5 m.



## Tröllateigur – 115,6 m<sup>2</sup> íbúð

Falleg 115,6 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju fjölbýlishúsi við Tröllateig 23 í Mosfellsbæ. Gengið er inn í íbúðina af opnum svalagangi. Allar innréttingar eru úr eik og eikarparket og flisar á gólfum. Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, flott eldhús og þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, sér þvottahús og geymsla. Mjög stórar svalir í suður. Þetta er vönduð íbúð rétt við miðbæ Mosfellsbæjar.  
Verð. 30,9 m.



## Grenibýggð – 164 m<sup>2</sup> raðhús

Til sölu flott og endurbætt 164 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum, auk rísherbis sem ekki kemur fram í m<sup>2</sup> tölu hússins. Á jarðhæð er glæsilegt eldhús, stór stofa, sólstofa, þvottahús og gesta WC, á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi og í rísi er stórt herbergi. Stórt hellulagt bílplan fyrir framan bílskúr og mjög skjólgóður suðvesturgarður bakalt.  
Verð 43,9 m.



## Skeljatangi – 4/5 herbergja

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá í sölu vel nýtt 94,2 m<sup>2</sup> Permaform íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýlishúsi við Skeljatanga í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru 3-4 svefnherbergi, mjög flott eldhús með góðum borðkrók, gott baðherbergi og rúmgóð stofa. Þetta er falleg og góð íbúð í vinsælu hverfi í Mosfellsbæ.  
Verð 26,5 m.



## Aðaltún – 142,4 m<sup>2</sup> parhús

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá mjög fallegt 142,4 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum, með innbyggðum, bílskúr í spænskum stíl við Aðaltún í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er eldhús, stofa, baðherbergi, vinnuherbergi og forstofa, á 2. hæð er sjónvarpshol og þrjú svefnherbergi. Rúmgóður bílskúr og stórt hellulagt bílplan. Stór vesturgarður með fallegu útsýni.  
Verð 42,3 m.



## Tröllateigur – 4ra herb.

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá í sölu flotta 100,7 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 2ja hæða fjölbýli með opnum stígagangi við Tröllateig 45 í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulögð íbúð með 3 rúmgóðum svefnherbergjum, stórrí stofu og mjög rúmgóðu eldhúsi. Baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og sér þvottahús inn af baði. Mikil lofthæð er í íbúðinni sem gefur henni fallegt útlit  
Verð kr. 27,6 m.



## Byggðarholt – 131,5 m<sup>2</sup> raðhús

Mikið endurbætt og vel nýtt 131,5 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum í mjög skemmtilegu hverfi í Mosfellsbæ. Á aðalhlæð er eldhús, stór stofa, forstofa og hjónaherbergi, en á neðri hæð eru 2-3 rúmgóð herbergi, baðherbergi m/kari og sturtu og hol. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta timburverönd í suðvestur. Topp staður, stutt í Varmárváslavæðid sem og í miðbæ Mos.  
Verð 32,8 m.



## Klapparhlíð – 4-5 herb.

Þetta er 112,6 m<sup>2</sup> endaíbúð á 2. hæð í nýlegu fjölbýli með opnum stígagangi við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. Íbúðin er teiknuð sem 5 herbergja, en er í dag 4ra herbergja, hægt að breyta aftur. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og gangur með merbau parketi, flisar á baði og þvottahúsi og korkflisar á forstofu og eldhúsi.  
Verð kr. 29,9 m.



## Brekktangi – Raðhús m/aukaíbúð

### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá 287,7 m<sup>2</sup> endaraðhús á tveimur hæðum, auk kjallara með aukaíbúð við Brekktanga í Mosfellsbæ. Á jarðhæð er svefnherbergi, eldhús, stofa og gesta WC, auk bílskúrs. Á 2. hæð eru 3 svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Í kjallara er geymsla, hol og þvottahús, svo og 3ja herbergja ósamykk íbúð með séringangi.  
Verð kr. 49,8 m.





### Stóriteigur – 206 m<sup>2</sup> raðhús

146,6 m<sup>2</sup> raðhús á einni hæð með bílskúr ÁSAMT ca. 60 m<sup>2</sup> kjallara í litlum botnlanga við Stórateig 19 í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulögð íbúð með 4 svefnherbergjum, eldhúsi, sjónvarpshöli, stofu, baðherbergi og gestasalerni á jarðhæð og stóru leikherbergi/vinnuherbergi, geymslu og þvottahúsi í kjallara. 28 m<sup>2</sup> bílskúr og stórt hellulagt bílapan fyrir framan húsið.  
Verð kr. 39,7 m.



### Kvísartunga – 278,4 m<sup>2</sup> parhús

Til sölu glæsileg hannað keðjuhús á tveimur hæðum á flottum stað við Kvísartungu 53 í Leirvogstungu. Þetta er stílhreint hús með stórum gluggum, enda útsýni mikið frá húsinu. 4-5 svefnherbergi og stór rými. Af 2. hæð er gengið út á ca. 78 m<sup>2</sup> svalir. Húsið afhendist vel rúmlega fókelt, en flestir innveggir á jarðhæð verða komir, útveggir einangraðir og tilb. undir sandsparti. Afhending í apríl/maí nk.  
Verð kr. 47,9 m.



### Hjallahlíð – 174,6 m<sup>2</sup> raðhús

Til sölu tveggja hæða raðhús við Hjallahlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 149,5 m<sup>2</sup> og bílskúrinn 25,1 m<sup>2</sup>. Á jarðhæð er forstofa, stofa, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi og gesta WC, á 2. hæð er sjónvarpshol, 2-3 svefnherbergi og baðherbergi. Stórt hellulagt bílapan með snjóbræðslu og timburvernd í suðurgarði. Frábær staður við skóla, sundlaug og golfvöll.  
Verð 45,5 m.



### Laxatunga – 207,4 m<sup>2</sup> einbýlishús

#### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Til sölu flott einbýlishús á einni hæð í byggingu við Laxatungu 45 í Mosfellsbæ. Húsið er timburhús, klætt að utan með flisum. Húsið er selt rúmlega fókelt, en útveggir og þak verður einangrað og klætt með gipsi, tilbúið til sandspörstlunar. Ráfmagstafla komin og vinnuljós tengd. Hér þarf bara að taka upp hamarinn og hefjast handa.  
Verð kr. 46,9 m.



### Lágholt – 187,3 m<sup>2</sup> einbýli

Til sölu 187,3 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr við Lágholt 11 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur svefnherbergi, stofa, borðstofa, gott eldhús m/borðkrók, þvottahús m/bakinngangi og baðherbergi m/kari. Húsið stendur á 862 m<sup>2</sup> lóð á skjólgóðum stað í eldri hluta Mosfellsbæjar. Eignin er snyrtileg og vel viðhaldið, enda aðeins 2 eigendur frá upphafi.  
Verð kr. 41,9 m.



### Laxatunga - einbýlishúsaloðir

Erum með í sölu tvær einbýlishúsaloðir við Laxatungu í Mosfellsbæ. Önnur lóðin er 650 m<sup>2</sup> undir einbýlishús á einni hæð. Verð 13,9 m. 100% fjármögnun er á lóðinni. Hin lóðin er glæsileg 967,5 m<sup>2</sup> einbýlishúsaloð neðst í botnlanga með miklu útsýni. Fyrir liggja frumdrög að 315 m<sup>2</sup> glæsishúsi á tveimur hæðum. Verð kr. 22,9 m. Þetta er eitt fallegast byggingarland á höfuðborgarsvæðinu, en þarna er verð að reisa 400 íbúða sérbýlishúshverfi á milli Leirvogsár og Köldukvíslar, engin fjölbýlishús er í hverfinu.



### Langitangi – 171 m<sup>2</sup> einbýli

\*NÝTT Á SKRÁ\* Vorum að fá í sölu mjög fallegt einbýlishús á einni hæð með sambygðum bílskúr og stórt og gróinni lóð við Langatanga í Mosfellsbæ. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granitborðplötu, baðherbergi nýlega endurnýjað með stórum glersturtuklefa, fjögur svefnherbergi, sjónvarpshol, þvottahús gestasalerni, stór stofa og borðstofa með ami og timburvernd og skjólgóður garður. Verð 54,8 m.



### Klapparhlíð – 2ja herb

\*NÝTT Á SKRÁ\* Mjög falleg og rúmgóð 2ja herbergja, 90,9 m<sup>2</sup> íbúð, á 3ju hæð í 4ra hæða lyftuhúsi fyrir 50 ára og eldri. Húsið sérlega vandað, einangrað og klætt að utan með flisum og harðvið. Gólfplötur á milli hæða eru tvöfaldar sem gefur betri einangrun. Fallegar flisar og askur á gólfum, baðherbergi með sturtuklefa og handklæðaðfni og stórt hjónaherbergi. Mjög fallegt útsýni er úr húsinu og stórar svalir.  
Verð kr. 27,5 m.



### Reykjamelur – 151 m<sup>2</sup> einbýlishús

Til sölu mjög fallegt 125,6 m<sup>2</sup> einbýlishús ásamt 25,0 m<sup>2</sup> innbyggðum bílskúr í litlum botnlanga við Reykjamel í Mosfellsbæ. Húsið er mjög hlýlegt með stóru eldhúsi, rúmgóðri stofu, tveimur svefnherbergjum, baðherbergi m/kari og stóru þvottahúsi. Mjög stór timburvernd er umhverfis húsið með heitum potti, tveimur kofum og skjólgirðingu. Bílapan og gönguleið eru hellulögð. Húsið er eitt það krúttulegasta sem sést hefur í bænum.  
Verð 41,7 m.



### Klapparhlíð – 2ja herb. + bílsk.

90,5 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flisar á gólfum og fallegar eikar innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bilageymslu fylgir. Sundlaug, líkamsrækt og golfvöllur, allt í göngufæri við húsið.  
Verð 31,5 m.



### Litlíkriki – 252 m<sup>2</sup> einbýlishús

\*NÝTT Á SKRÁ\* Erum með flott og vel skipulagt 252 m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr, hannað af EON arkitektum. Húsið er staðsteypt og afhendist fókelt skv. samkomulagi. Gott skipulag, þrjú stór svefnherbergi, mjög stór stofa/borðstofa, gott eldhús, tvö baðherbergi og rúmgóður bílskúr. Mikið gluggarými er á húsinu og er mikið lagt í hönnun þess. Stór hornlóð afhendist grójöfnuð.  
Verð 52,0 m.



### Klapparhlíð – 3ja herb.

Falleg 107,4 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á JARÐHÆÐ í 4ra hæða lyftuhúsi við Klapparhlíð 3. Íbúðin er vönduð í alla staði, eikarparket og flisar á gólfum. Tvö rúmgóð herbergi, stórt baðherbergi með tvöföldu baðkari, sér þvottahús/geymsla, stór stofa og glæsilegt eldhús með eikarinnréttingu og eyju. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta vernd sem eykur notagildi íbúðarinnar mikið.  
Verð kr. 30,9 m.



### Laxatunga – 183,5 m<sup>2</sup> raðhús

Erum með í sölu mjög falleg raðhús á einni hæð á einum besta stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Um er að ræða forsteypt einingarhús sem verða afhent rúmlega fókelt, þ.e. auk fókeldis verða innveggir forsteyptir að mestum hluta og tilbúnir undir sandsparti, gluggar ísettir og þak verður einangrað sem og útveggir. Laxatunga 51-57 stendur á afar fallegum stað með miklu útsýni út á Leirvoginn – húsin eru tilbúnar til afhendingar við kaupsamning. Verð: Laxatunga 51 – 183,5 m<sup>2</sup> endaraðhús – verð 45,5 millj. Laxatunga 53 – 181,5 m<sup>2</sup> miðjuraðhús – verð 43,5 millj.



### Spóahöfði – neðri sérhæð

#### \*NÝTT Á SKRÁ\*

Vorum að fá í sölu 4ra herbergja neðri sérhæð í tvíbýlishúsi, með fallegri aðkomu að neðri hæðinni. Íbúðin er 126,3 m<sup>2</sup>, og skiptist í 3 rúmgóð svefnherbergi, lokað eldhús, stóra stofu, flott baðherbergi og sér þvottahús. Flisar og ljóst parket á gólfum. Íbúðinni fylgir 50 m<sup>2</sup> sérafnotaréttur af lóð í suðvestur. Flottur staður, golf, sund, gönguleiðir, skólar og líkamsrækt í göngufæri.  
Verð 32,9 m.



## Afturelding er með bestu blakaðstöðu á landinu Íslandsmót að Varmá

Seinni hluti Íslandsmóts yngri flokka í blaki var haldinn í íþróttahúsinu að Varmá um liðna helgi. Það var framhaldsmót af móti sem haldið var á Neskaupstað í nóvember s.l. og langstærsta mót sem haldið hefur verið fyrir yngri flokka í blaki á Íslandi. Íslandsmeistarar voru krýndir í öllum aldursflokkum. Afturelding sendi sex lið á mótið í 3.-6. flokki. Á mótið mættu tæplega 400 krakkar ásamt þjálfurum og liðstjórum. Samhliða Íslandsmótinu var haldið mót fyrir 6. og 7. flokk á sunnudeginum. Krökkunum í Aftureldingu gekk vel á mótinu og þóttu standa sig með mikilli þryði.

Aðalstyrktaraðilar mótsins voru: Íslenska Gámafélagið, Ístak og Leirvogstunga en þau gáfu öllum blakbörmum sem þátt tóku á mótinu blakbolta og kann blakdeild Aft-



ureldingar þeim bestu þakkir fyrir. Einnig fá skólafyrirvöld í Varmárskóla bestu þakkir fyrir afnot af Gagnfræðaskólanum og Frístundaselinu. Án þeirrar aðstöðu þýðir lítið að halda Íslandsmót í okkar frábæra íþróttahúsi að Varmá en aðstaðan þar er sú allrabesta á landinu fyrir blakiðkun.

Nánari upplýsingar um mótið má finna á [www.krakkablak.bli.is](http://www.krakkablak.bli.is)

## Íslandsmeistari í 800 m hlaupi

Íslandsmót í frjálsum íþróttum fyrir 12-14 ára fór fram fyrir í mánuðinum. Átta keppendur frá Frjálsíþróttadeild Aftureldingar höfðu náð ýmsum lágmarkum til að komast á þetta mót.

Skemmst er frá því að segja að þrír keppendur frá Aftureldingu komust í úrslit og einn af þeim varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi. Þau heita Rósa María Sigurðardóttir og varð hún í sjötta sæti í 60 m grind, Magni Pétursson sem varð sjöundi í langstökki og Agnar Davíð Halldórsson sem varð Íslandsmeistari í 800 m hlaupi. Á myndinni er Íslandsmeistarinn Agnar Davíð Halldórsson með þjálfaranum sínum, Hlyni Guðmundssyni.



## Valdimar R. Valdimarsson lyfti samtals 745 kg Sigraði í 100 kg flokki

Kraftakarlinn Valdimar R. Valdimarsson keppti á dögnum á Íslandsmóti kraftlyftingafélagsins Metal. „Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir krampa sem ég fékk í bekkpressunni. Ég hafði verið með hita í nokkra daga fyrir mótið og kannski það hafi haft einhver áhrif á mig,” segir Valdi sem var að keppa á sínu örðu móti í kraftlyftingum.

Árangur Valda var mjög góður og bætti hann töluvert sinn persónulega árangur. Hann tók 280 kg í hnébeygju, 180 kg í bekkpressu og 285 kg í réttstöðulyftu. Samtals 745 kg sem dugðu til sigurs í 100 kg flokki og fjórða sætis í heildarkeppninni. Annar Mosfellingur, Svavar Smáráson, lenti í öðru sæti í sama flokki. Allir verðlaunahafar fengu blómvönd frá Hlín blómahúsi til minningar um Jón Pál Sigmarsson, en Hlín og Jón Páll voru hálfystkini.



## 45 km áheitasund

Krakkarnir í sunddeild Aftureldingar luku áheitasundi þann 12. apríl. Sundið stóð yfir í 12 tíma og voru lagðir að baki 45 km en markmiðið var 40 km. Krakkarnir 15 stóðu sig frábærlega og syntu með bros á vör allan tímann í góðu veðri. Sundið var liður í fjáröflun vegna ferðar í æfingabúðir á Spáni sem farin verður í sumar. Sunddeild UMFA vill koma á framfæri þakklaeti til bæjarbúa fyrir veittan stuðning

## Goggi galvaski skipulagður

Nú fer senn af stað skipulagning fyrir Gogga galvaska sem verður haldinn 20.-22. júní. Frjálsíþróttadeildin er byrjuð að skipuleggja og óskar eftir sjálfboðaliðum. Sími 5667089 eða [frjalsar@afturelding.is](mailto:frjalsar@afturelding.is).



## Lokavika rýmingarsölnnar

NAVIU ent.  
þverholti 2  
Kjarna



Flytjum 26. apríl.  
Opnum á nýjum  
stað 5. maí.  
Allir velkomnir.



Guðriðarstigur 6-8  
að ofanverðu  
113 Reykjavík



# JAKO

símar: 566-7310 og 896-0131 [namo@namo.is](mailto:namo@namo.is)



Gömlu handboltakempurnar í Jumboys fóru sigurferð til Húsavíkur

## Íslandsmeistar utandeildar

Þá er fyrstu leiktíð handboltaliðsins Jumboys lokið í utandeildinni. Kjarni liðsins samanstendur af leikmönnum Aftureldingar frá gullaldarárunum í kringum síðustu aldarmót. Þarna fer reynsla, tækni og barátta fremst í flokki.

Liðið komst í 8 liða úrslit í bikarunum og unnu utandeildina þar sem 13 lið hófu keppni og þeir töpuðu aðeins einum leik. Að sögn Þorkels Guðbrandssonar forsprakka liðsins stefna þeir að áframhaldandi þátttöku að ári liðnu. „Við erum í þessu til að hafa gaman, enda frábær félagsskapur.“

Síðasti leikur tímabilsins var leikinn síðustu helgi á Húsavík og



sigrðu þeir lið Völsunga. Þar með var Íslandsmeistaratitillinn endanlega í höfn og var því fagnað vel og innilega eins og sést á myndunum. Liðsmenn þessa stórveldis í handboltanum eru: Hjörtur, Högni, Jenni, Ingi Helga, Einar, Keli, Lalli, Formaðurinn, Nilli, Viktor, Árni, Palli, Gunni Guðjóns, Siggí Sveins, Bjarki Sig, Sveinbjörn, Stebbi Red, Stebbi Bjarna og Halldór Lár.



## Umhverfis- og náttúrufræðifélagar

Þriðjudaginn 29. apríl kl. 17.30 verður haldinn aðalfundur Umhverfis- og náttúrufræðifélags Mosfellsbæjar í Listasal Mosfellsbæjar. Eftir venjuleg aðalfundarstörf heldur Jóhann Óli Hilmarsson fuglafræðingur og ljósmyndari fyrirlestur með myndasýningu. Hér er um að ræða kærkomið tækifæri til að þekkja fuglana sem sjá má í nánasta umhverfi okkar. Allir eru velkomnir bæði á fundinn og í félagið. Sækja má um inngöngu hjá formanni félagsins Guðjóni Jenssyni, [naturamos@visir.is](mailto:naturamos@visir.is).

**MOSFELLINGUR**

**KEMUR NÆST  
ÚT 16. MAÍ**



[www.mos.is](http://www.mos.is)

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á [www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur](http://www.mos.is/stjornsysla/samþykktirogreglur))

### 4.gr - Almenn um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

## Vortónleikar 2008 Karlakórs Kjalnesinga

Stjórnandi: Páll Helgason

Árbæjarkirkja

Fimmtudagurinn 24 apríl kl. 20.00

Laugardagurinn 26. apríl kl. 16.00



### Einsöngvarar:

Ib Göttler, Sigurður Hansson og Sveinn Einar Magnússon



### Undirleikari:

Lára Rafnsdóttir, pianó

### Hljómsveit:

Andri Þór Gestsson, gítar

Hlynur Þórisson, gítar

Jón Bjarni Jónsson, bassi



Á efnisskrá eru sígild karlakórslög auk fágætra sönglaga

Miðar seldir við innganginn, verð kr. 2.000



## Hestamannafélagið Ljónslöpp

Nokkar konur úr Hestamannafélaginu Herði hafa sent nefndarmönnum félagsins bréf. Þar er þeirri spurningu varpað fram hvort stofna þurfi nýtt hestamannafélag í Mosfellsbæ sem standi undir nafni sem fyrirmyndarfélag. Félag þar sem áhersla er á hestamennsku sem fjölskyldusport, án kynjasmununar og mannfyrirlitningar. Ástæða óánægjunnar eru nektardansmeyjar sem fram komu á herrakvöldi í Harðarbóli. Konur telja að tími sé kominn til að fá úr því skorðið hvort meirihluti félagsmanna styðji slíkar uppákomur. Fyrir hópnum fer Kristín I. Pálsdóttir og hægt verður að fylgjast með konunum á síðunni [www.ljonslopp.blogspot.com](http://www.ljonslopp.blogspot.com)



## Yfirlýsing frá Herði

Hestamannafélagið Hörður hefur gefið það út að uppákomur sem boðið var upp á í Harðarbóli á dögunum muni ekki endurtaka sig. „Við hörmum þá neikvæðu umræðu sem orðið hefur um félagið vegna einkasamkvæmis í félagsheimili Harðar. Samkvæmið var haldið af nokkrum félagsmönnum í góðri trú og til styrktar reiðvegagerðar á svæðinu. Við lítum fram á veginn og tökum höndum saman um að gera gott félag enn betra,” segir m.a. í tilkynningunni en hana má sjá á heimsíðu Harðar, [www.hordur.is](http://www.hordur.is).



## Opið hús að Hlaðhömrum

Sumardaginn fyrsta, fimmtudaginn 24. apríl verður opið hús í leikskólanum Hlaðhömrum. Húsið er opið frá kl. 11-13. Elstu börnin munu syngja og spila kl. 11:15 og 11:45. Foreldrafélagið verður með vöflur og drykki til sölu og listaverkasalan verður á sínum stað.



## Leiðbeinendanámskeið í ungbarnasundi

# Buslað á Reykjalundi

Helgina 18-20 apríl hélt Busli félag ungbarnasundkennara leiðbeinendanámskeið í ungbarnasundi að Reykjalundi. Þetta var 20 stunda námskeið þar sem starfandi ungbarnasundkennarar, læknar og aðrir með reynslu sáu um kennsluna.

Verklegrir tímar í sundlaug með ungbarnasundkennara komu í kjölfarið og við lok þeirra tíma voru þáttakendur búnir að afla sér þekkingar

til að stunda sjálfir kennslu.

Til þess að geta orðið ungbarnasundkennari þá þarf maður að vera menntaður í þrótafræðingur, íþróttakennari, sjúkrapjálfari, þroskajálfari eða hafa aðra sambærilega menntun. Tilgangur og markmið með ungbarnasundi er að veita markvissa örvun og aðlögun barna 0-2 ára í vatni.

Til gamans má geta að í Mosfellsbæ eru tveir starfandi ungbarna-



Ólafur Ágúst við kennslu í ungbarnasundi.

sundkennarar, þeir Ólafur Ágúst Gíslason sem kennir á Reykjalundi og Snorri Magnússon á Skálatúni sem jafnframt er formaður Busla.

RÖ



Raddböndin þanin í Brúarlandi.



Undirleikarinn og stjórnandinn.

## Karlakórinn Stefnir undirbýr sig fyrir tónleika

# Stífar æfingar Stefnis

Karlakórinn Stefnir hefur verið órjúfanlegur hluti af ímynd Mosfellsbæjar eins lengi og elstu menn muna, og Mosfellingi datt því í hug að kanna hvað hópurinn væri að gera þessa fyrstu vordaga.

Það er ekki erfitt að finna Stefni, þeir æfa í Brúarlandi hvert þriðjudagskvöld, og þegar við nálgumst æfingaaðstöðuna heyrum við óma karlaraddir, dimmar og bjartar. Við förum inn og sjáum hóp af mönnum uppi á söngpöllum, þar sem verið er að æfa fyrir vortónleika. Kórstjórnin, Gunnar Ben, fer öruggum höndum um hlutina, og stöðvar sönginn stöku sinnum til að lagfæra og fara yfir það sem betur mætti fara.

Á móti okkur tekur formaður kórsins, Hörður Björgvinsson, og segir okkur að í vetur hafi tæplega fimmtíu félagar verið í kórnum og æfingar hafi gengið vel.

Að venju hefst tónleikasýrpa vorsins á Reykjalundi, en þar verður Ste-



fnir 22. apríl og syngur fyrir sjúklinga og starfsfólk. Fyrstu tónleikarnir verða svo í Langholtskirkju 23. apríl, í Víðistaðakirkju 2. maí, svo verður endað í Hlégarði laugardaginn 3. maí. Um kvöldið verður svo árhátíð kórsins.

Um miðjan júní heldur Stefnir í tónleikaferð um norður- og austurland, og syngur þá í Mývatnssveit, á Eskifirði, Egilsstöðum og Vopnafirði.

Það eru því skemmtilegar vikur framundan hjá Stefni, en eins og myndirnar bera með sér skín gleðin af hverjum manni. Það er nefnilega enginn í kór sem ekki hefur gaman af því að syngja.



## Safna fyrir útskriftarferð til Köben

10. bekkur Klébergsskóla Kjalarnesi hyggst bregða sér í útskriftarferð til Kaupmannahafnar í maí. Vel hefur gengið að safna í sjód og er hópurinn, sem samanstendur af 12 nemendum, tveim kennurum og tveimur foreldrum að verða ferðbúinn. Myndin er tekin af hópnum eftir síðasta verkefni, sem var að taka til á gámasvæði Kjósverja í grennd við Meðalfellsvatn.

## Aðalfundur hjá Sögufélaginu

Aðalfundur Sögufélags Kjalarnesþings verður haldinn á Ásláki miðvikudaginn 30. apríl og hefst hann kl. 20. Á dagskránni verða venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál. Að því loknu mun Kristinn Magnússon fornleifafræðingur flytja fyrirlestur um fornleifaskráningu í Mosfellsbæ en skýrsla um hana kom út árið 2006. Kaffiveitingar verða á fundinum, félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og nýir félagar eru boðnir hjartanlega velkomnir.



Haraldur Sverrisson bæjarstjóri, Pálmi Gestsson í gervi Halldórs Laxness, Marteinn Magnússon bæjarfulltrúi og Tómas Guðberg Gíslason umhverfisstjóri.

## Mosfellsbær tók þátt í stórsýningunni Verk og vit Maðurinn er miðpunktur

Stórsýning tileinkuð byggingar- iðnaði, skipulagsmálum og mann- virkjagerð var haldin í íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal síðustu helgi. Mosfellsbær var með glæsilegan sýningarbás þar sem sérstaða bæjarfélagsins var kynnt. Fólk gat kynnt sér þá miklu uppbyggingu sem nú á sér stað í Mosfellsbæ. Andi Halldórs Laxness, heiðursborgara, sveif yfir vötnum en Pálmi Gestsson var í gervi Nóbelskáldsins. Fjöldi fólks lagði leið sína í höllina og var margt um manninn á sýningarbás Mosfellsbæjar.



Sýningarbás Mosfellsbæjar undir yfirskriftinni „Maðurinn er miðpunktur“. Laxness situr í háseti og gluggar í bók.

## Vetrarstarfi að ljúka hjá Karlakór Kjalnesinga Söngferð til Berlínar

Senn lýkur 17. starfsári Karlakórs Kjalnesinga, en hann var stofnaður 1991. Á fyrstu árunum voru söngmenn að mestu af Kjalarnesi og úr Kjós en hafa á seinni árum komið víða að m. a. úr Þingvallasveit, Akranesi, Borgarfirði og ekki síst úr Mosfellsbæ. Æfingar eru einu sinni í viku yfir vetrartímamann og haldnar í Fólkvangi á Kjalarnesi. Kórinn hefur löngum þótt fádæma duglegur við að halda svokölluð kórakvöld og hafa tvö slík verið haldin á þessum vetri.

Þann 4.-7. apríl fór kórinn í söngferðalag til Berlínar undir dygri leiðsögn Óttars Guðmundssonar læknis. Markmið ferðarinnar var, eins og gjarnan er í söngferðum, að láta reyna á æfingar vetrarins en ekki síður að eiga góða stund með kórfélögum og mökum. Kórinn hélt tvenna tónleika, þá fyrri í Heilig Kreuz kirkjunni og þá seinni í sendiráði Íslands í Berlín. Einnig var sungið fyrir gesti fyrir utan Admiral-plats, leikhús sem Helgi Björnsson rekur. Hápunktur ferðarinnar varð hins vegar þegar óvænt tækifæri gafst til að sjá um athafnasöng í sunnudagsmessu í Getsemáne kirkjunni, en þar hófust mótælin sem leiddu til hruns Berlínarmúrsins alræmda. Var almennt gerður góður rómur af söng kórsins og var hlutfall raddaðs söngs



Kórinn þykir koma vel undan vetri.



Nonni Maggi, formaður Karlakórsins, leitir sátta við Brandenburgerhliðið.

langt yfir meðallagi þessa apríldaga í Berlín þó hitastig væri lágt.

Fimmtudaginn 24. apríl kl. 20 og laugardaginn 26. apríl kl. 16. heldur kórinn sína árlegu vortónleika en að þessu sinni verða þeir haldnir í Árbæjarkirkju og eru unnendur fagurra tóna og gleðistunda hvattir til að mæta.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729



## Ævintýragarður Lumar þú á góðri tillögu?

Mosfellsbær auglýsir eftir tillögum og hugmyndum frá bæjarbúum um nýjan Ævintýragarð.

Hægt er að senda inn tillögur á netfangið mos@mos.is eða skila tillögum í póstkassa sem er að finna í Þjónustuveri Mosfellsbæjar á 1. hæð í Kjarna Þverholti 2.

**Frestur til þess að senda inn tillögur er til 15. maí 2008.**

Til nánari skýringar þá afmarkast Ævintýragarðurinn af Varmá og Köldukvísl, Vesturlandsvegi í norðri og fyrirhuguðum Tunguvegi.

Vakin er athygli á að til stendur að setja Ævintýragarðinn í formlega í hugmyndasamkeppni en hér er verið að auglýsa eftir hugmyndum frá bæjarbúum sem nýttur verður sem grunnur.

**Fasteignasala  
Mosfellsbæjar**

Sími: **586 8080**  
**www.fastmos.is**  
Þverholti 2 • Mosfellsbæ

## Dreymir þig um eigið húsnæði ?

— **hafðu samband** —

Einar Páll Kjærnested • Löggiltur fasteignasali



## Útgáfutónleikar á fæðingardegi Nóbelskáldsins ... og fjöllin urðu kyr

Á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar síðastliðið sumar var flutt hátíðardagskrá þar sem kvæði Halldórs Laxness gáfu tóninn. Mosfellsbær hefur nú gefið út dagskrána á geisladiski og af því tilefni verða útgáfutónleikar í Listasal Mosfellsbæjar hinn 23. apríl sem var jafnframt fæðingardagur Halldórs Laxness. Bjarki Bjarnason og Sigurður Ingvi Snorrason tóku dagskrána saman og auk þeirra sjá eftirtaldir listamenn um flutninginn: Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó, Hávarður Tryggvason kontrabassi og Þórunn Lárusdóttir leikkona. Mosfellingar og aðrir eru hvattir til að kveðja langan vetur með hátíðarbrag í Listasalnum í kvöld. Dagskráin hefst kl. 20.30.



# Mosfellsbær breytist hratt

Bærinn okkar hefur tekið umtalsverðum breytingum á síðustu misserum. Íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt. Ég hef búið hér í 20 ár og hugsa stundum til þess hvort bærinn eigi yfir höfuð að stækka eða halda áfram að vera lítil sveitó svefnbær.

Viljum við aukið mannlíf, menningu og aukna þjónustu? Það kallar á stækkun og fjölgun íbúa, nauðsynlegt er að bærinn haldi í sérkenni sín þrátt fyrir stækkun.

### Ný hverfi taki mið af sérkennum Mosfellsbæjar

Náttúran sem umvefur Mosfellsbær er eitt af okkar helstu sérkennum. Nauðsynlegt er að halda í tengsl okkar við náttúruna og bæjarbraginn sem einkennt hefur Mosfellsbæ.

Ný byggingarhverfi hafa tekið mið að þessu, leitast er við að aðlaga byggðina vel að náttúrunni og sjá til þess að allir íbúar hafi gott aðgengi að grænum svæðum. Einnig er mikilvægt að ný hverfi tengist vel miðbænum og eldri hverfum bæjarinnis.

### Lágafellslaug – fjölskylduparadís

Lágafellslaug er gott dæmi um uppbyggingu í Mosfellsbæ. En ljóst er að sú laug hefði ekki risið nema vegna þess að bærinn okkar hefur farið stækkandi. Lágafellslaug er frábær fjölskylduparadís og skrítið til þess að hugsa nú að nokkur hafi getað verið á mót þeirri uppbyggingu þegar ákvörðun um hana var tekin á sínum tíma.

### Miðbæ í Mosfellsbæ – löngu tímabært

Mosfellsbær er orðin það fjöl-



mennur að hér á að geta risið öflugur miðbær. Öllum sérfræðingum ber saman um það að í og kringum miðbæ þarf íbúðabyggð að vera þétt. Markvist hefur verið unnið að því s.s með uppbyggingu í Tröllateig og Krikahverfi. Við skipulagningu á miðbænum þarf að huga vel að þessu og gera ráð fyrir fjölda íbúða. Í miðbænum þurfa að risa í það minnst 3-4 hæða fjölbýlishús til að styðjaviðverslunar og þjónustustarfsemi.

### Framhaldsskóli og menning

Það styttist nú í að langþráður draumur okkar Mosfellinga um framhaldsskóla verði að veruleika. Framhaldsskólanum er ætlaður staður milli Langatanga og Bjarkarholts en það svæði er í dag óbyggt og hentar vel fyrir framhaldsskóla. Framhaldsskólinn mun glæða miðbæinn okkar mannlífi. Hugmyndir um kirkju og menningarhús í miðbænum á gamla Kaupfélagsreitnum er hornsteinn að frekari uppbyggingu miðbæjar.

### Ævintýragarður í Ullarnesbrekkum

Á 20 ára afmæli Mosfellsbæjar í ágúst 2007 samþykkti bæjarstjórn Mosfellsbæjar að koma fyrir ævintýragarði í Ullarnesbrekkum. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram sem nú eru til umræðu hjá nefndum bæjarins.

Bryndís Haralds  
Varabæjarfulltrúi og fulltrúi Sjálfstæðisflokks í skipulags og byggingarnefnd.

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Vorið er komið Hreinsunaráttak

Hreinsunaráttak er hafið í Mosfellsbæ og eru íbúar hvattir til að hreinsa í kringum hús sín og næsta umhverfi. Nú hillir loks í vorið og því tímabært að fjarlægja rusl eftir veturinn.

Starfsmenn Áhaldahúss verða á ferðinni til 12. maí og fjarlægja garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk. Fólk er hvatt til að setja garðaúrgang í poka og binda greina-afklippur í knippi. Gert er ráð fyrir að úrgangur verði sóttur fyrir utan lóðarmörk dagana 23. apríl, 30. apríl og 7. maí.

Gámar fyrir garðaúrgang verða aðgengilegir á tímabilinu 19. apríl til 12. maí í hverfum bæjarins og verða þeir staðsettir á eftirtöldum stöðum:

**Holta- og Tangahverfi** – Neðan Þverholts (milli Akurholts og Arnartanga)

**Höfða og Hlíðahverfi** – Vörubílastæði við Bogatanga og plan við Blikastaðaveg

**Teigahverfi** – Á plani ofan Reykjavegar

**Reykjahverfi** – Skarhólabraut ofan Reykjavegar

**Hlíðartúnshverfi** – Við Aðaltún

**Helgafellshverfi** – Efst í Brekkulandi

**Mosfellsdalur** – Á bílastæði við Þingvallaveg.

Götur verða hreinsaðar eins og venja er til og verður byrjað á aðalgötum strax eftir páska. Í framhaldinu verða íbúðagötur hreinsaðar og verður miðum dreift í hús þegar nær dregur.

Tækni- og umhverfissvið Mosfellsbæjar

# Ég og þú í Motomos...

Í sumar getum við leikið okkur og haft gaman saman. Það er komið að því sem hjólamenn í Mosó hafa svo lengi barist fyrir, sportið hefur fengið þá viðurkenningu sem það á skilið. Bæjarstjórnin samþykkti að leggja undir okkur land upp í gryfjum til að búa til braut. Þar verður búin til púka-braut og braut fyrir lengra komna. Nú þarf að taka höndum saman og allir að leggjast á eitt, tökum hjólin af götunni og göngustígnum. Hjálpu til við að koma brautinni í stand og hjólum þar. Það erum við hjólamenn sem búum til ímyndina sem aðrir bæjarbúar sjá. Verum okkur og



sportinu okkar til sóma, sýnum þakklæti í verki og virðum bann við keyrslu í bænnum og nýtum t.d. brautirnar í Álfsnesi, Bolaöldu, Grindavík og Akranesi þangað til okkar verður tilbúin.

Allir hjólamenn eru kvattir til að skrá sig í klúbbinn og greiða félagsgjöldin fyrir 2008 svo brautagerðin gangi hraðar fyrir sig. Allir eru velkomnir, konur og karlar, börn og unglingar og meira að segja ömmur og afar, frænkur og frændur.

Sjáumst í brautagerðinni  
Hekla Daða #336 - motomos.is

## HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

mosfellingur@mosfellingur.is



## Árshátíð starfsmanna Mosfellsbæjar Vel heppnuð árshátíð

Á árshátíð starfsmanna Mosfellsbæjar, sem haldin var 12. apríl voru tveir fyrrverandi starfsmenn bæjarins heiðraðir sérstaklega. Það voru þær Guðrún Esther Árnadóttir en hún var ritari Varmárskóla í 27 ár, og Sigrún Sigurðardóttir sem var innheimtufulltrúi á bæjarskrifstofunni í 24 ár.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri flutti þeim þakkir fyrir áratuga langt og farsælt starf og Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar afhenti þeim myndverk eftir Ingu Elínu Kristinsdóttur myndlistarmann.

Tæplega fjögur hundruð manns mættu á hátíðina sem að þessu sinni var haldin í Gullhömrum, Grafarholti. Fjöldi skemmtiatriða litu dagsins ljós og endaði kvöldið á dansleik með Stefáni Hilmarssyni og Sniglabandinu.



Kolbrún Ósk Jónsdóttir og Bjarki Már Sverrisson.



Ólöf Örnólfsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir.



Skál fyrir Mosfellsbæ. Bæjarfulltrúarnir Marteinn Magnússon og Jónas Sigurðsson.



Jóna Margrét Georgsdóttir, Kristinn og Ári Magnússynir.



Stefán Ómar Jónsson og Atli Már Steinarsson.



Hafís Óskarsdóttir, Gíslí Snorrason og Anna Steinarsdóttir.



Óskar Jóhannsson og Grétar Snær Hjartarson.



Karl Tómasson forseti bæjarstjórnar tekur lagið með Sniglabandinu.



Gunnlaugur Jónsson og Helga H. Sigurjónsdóttir.



Jón B. Gunnlaugsson og Friðbjófur Haraldsson.



Þórhildur Katrín, Hjörtur Örn Arnarson, Hilmar Stefánsson og Klara Gísladóttir.

# Langar þig að vera með?

Langi hef ég haft þá skoðun að íþróttir séu lífsstíll sem að sem flestir ættu að tileinka sér. Ég hef einnig þá trú að íþróttastundun hafi mikið forvarnargildi. En ég trúi því líka að til að svo megi verða, þarf stuðningur foreldra við íþróttaiðkun barnanna að vera virkur.



Auðvitað á fyrst og fremst að vera gaman. Að ná árangri er hluti af því. Að sjá fyrirmyndirnar sínar standa sig vel og vera að gera góða hluti er hluti af því að yngri krakkarnir setji sér markmið um að ætla að komast í fremstu röð.

Það hefur í gengum tíðina verið hluti af foreldrarstarfinu að taka þátt í því með þjálfurum að sjá til þess að það væri nógu rosalega gaman í íþróttunum, svo krakkarnir héldust sem lengst fram eftir aldri við æfingarnar.

Margar leiðir hafa verið farnar, sem miða að því að efla starfið sem allra mest bæði utan vallar og innan. Eitt virðist þó alltaf standa óhaggað í gegnum árin, að ef liðin ná árangri, þá er gaman. Einnig hefur það komið í ljós að krökkunum er það mjög mikilvægt að eiga fyrirmyndir, sem þau líta upp til. Þau vilja komast á þann stað sem fyrirmyndirnar eru, keppa með meistaraflokknum í félaginu sínu.

Eitt það mikilvægasta í því að hlúa að því að krakkarnir haldi sem allra lengst áfram í íþróttum, er stuðningur foreldra. Brottfall barna helst mjög í hendur við brottfall foreldra úr stuðningnum. Ekki síst þegar krakkarnir eru komnir á unglingsár.

Nú á dögum ætti starf sjálfboda-liða í rekstri íþróttafélaga að miðast við það að halda stuðningi foreldra sem allra lengst fram eftir aldri barnanna og að hvetja sem flesta til að koma til aðstoðar við rekstur og umgjörð meistaraflokkanna. Þannig fjölgum við þeim sem hlúa að börnunum í fótboltiárinu sínu. Og þannig eflum við starfið í kringum fyrirmyndir barnanna, í þeirri von að barnið setji stefnuna á að ná

sínum markmiðum og haldi áfram íþróttaiðkun fram á fullorðins ár.

Í dag spilar meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu í Aftureldingu í úrvalsdeild. Meistaraflokkur karla hefur sett sér markmið um að spila í úrvalsdeild innan fimm ára. En í ár er stefnan sett upp í 1. deild.

Það vita þeir sem taka þátt að sjálfboda-liða starfið í íþróttafélögum er mjög skemmtilegt, getur jafn vel verið góð leið fyrir þá sem eru nýlega fluttir í nýtt bæjarfélag til að kynnast fullt af skemmtilegu fólki. Góð leið til að taka þátt í félagsstörfum og hafa einnig mjög gaman.

Í knattspyrnu deild er tekið mjög vel á móti þeim sem hefðu áhuga á að koma inn í skemmtilegt og lífligt starf. Það er alltaf pláss fyrir fleiri. Mánudaginn 28. apríl kl 20:00 verður einn af mörgum undirbúningsfundum knattspyrnu deildar fyrir verkefni sumarsins, í Vallarhúsinu við Varmárvöll. Allir áhugasamir um skemmtilegt fótboltasumar eru innilega vel komnir.

Hanna Simonardóttir

## ORÐIÐ ER LAUST...


Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. [mosfellingur@mosfellingur.is](mailto:mosfellingur@mosfellingur.is)



## Rusl, rusl, rusl

Mér blöskrar ár eftir ár að sjá sóðaskapinn í bænum okkar. Allir runnar fullir af rusli og aðeins hreinsað einu sinni á ári, á sumrin. Það þarf hugarfarsbreytingu hjá íbúunum, fleiri rusladalla og meiri mannskap til þess að sinna þessu. Er bærinn virkilega svo aumur að hann geti ekki haft einn verkamann á launum við að halda, þó ekki væri nema miðbænum þokkalega ruslausum! Umhverfið hér er farið að minna um margt á Spán, rusl, rusl, rusl, á öllum opnum svæðum. Við ættum frekar að taka Færeyinga okkur til fyrirmyndir en þar er sífellt verið að snyrta og sópa. Meðf. myndir sýna brot af miðbæjardrasinu einn sólardaginn nú í byrjun apríl.

Sesselja Guðmundsdóttir  
Urðarholti 5



## Engin virðing borin?

Eru Mosfellingar svona?

Íbúi í Mosfellsbæ

## Hrakandi verslanir

Eftir að Nóatún fór og Krónan breyttist hefur ekki verið hægt að fá ferskan fisk. Einnig er minna úrval af kjöti. Það er frekar lélegt að maður þurfi að leita í önnur bæjarfélög eftir ferskum fisk. Svo eru opnunartímar mjög óhentugir, það opnar ekki fyrr en 11 og ekki er hægt að fara í búð eftir 20. Það er því hálf skritið að nýju flottu búðirnar séu í raun verri kostur en var.

Gunnar Stefánsson

# Vísbending um raunveruleika

Um sveitarfélög gilda ekki sömu lögmál og fyrirtæki á markaði. Sveitarfélög eru rekin af íbúum til að sinna sameiginlegum verkefnum og þjónustustarfsemi. Segja má að sveitarfélög innan sama atvinnusvæðis séu í nokkurs konar samkeppni - íbúar bera saman rekstur og ekki síður þá þjónustu sem veitt er. Einn mælikvarði inn er samanburður tímaritsins Vísbendingar sem birtir árlega úttekt á vissum efnahagslegum þáttum í rekstri sveitarfélaga.

Árið 2006 var hafgengt Mosfellsbæ skv. mælikvörðum Vísbendingar og nýtti bæjarstjórnin okkar tækifærið og hreykti sér af niðurstöðu þeirrar mælingar, sem eðlilegt er. En því verður seint haldið fram að samanburður Vísbendingar sé algildur mælikvarði á rekstur sveitarfélags. Það væru þá helst hördustu frjáls-hyggjumenn sem það gerðu. Upplifun og ánægja íbúa með forgangsröðun og þjónustustig er ekki mæld í könnun Vísbendingar.

Í 3. tbl. Mosfellinga 2008 ritar formaður Vinstri Grænna í Mosfellsbæ grein þar sem hann kys gagnrýnislaust að gera samanburð bæjarstjóra milli sveitarfélaga að sínum. Þannig kemst formaður VG að þeirri niðurstöðu að það sé mun betra að búa í Mosfellsbæ en í félagshyggjubænum Hafnarfirði. Óneitanlega er gott að búa í Mosfellsbæ en það gæti líka verið mun betra fyrir svo marga hópa ef forgangsröðunin væri önnur.

Snúum okkur að samanburðinum við Samfylkingarbæinn Hafnarfjörð.



**Tafla 1**  
Mánaðargjald á leikskóla  
Árgjald (11 mánuðir)

**Mosfellsbær**  
25.458 krónur  
280.038 krónur

**Hafnarfjörður**  
22.797 krónur  
250.767 krónur

**Tafla 2**  
4 ára barn  
10 ára barn (tvær greinar)  
Alls greiðsla frá bænum

**Mosfellsbær**  
0 krónur  
15.000 krónur  
15.000 krónur

**Hafnarfjörður**  
24.000 krónur  
48.000 krónur  
72.000 krónur

Tökum dæmi um fjölskyldur með tvö börn, fjögurra og tíu ára. Yngra barnið er í leikskóla og stundar eina tómtund en eldra barnið stundar tvær tómtundir/íþróttgreinar.

## Gjöld fyrir leikskólavist (Tafla 1)

Munurinn er tæpar 30.000 krónur á ári og það munar marga um minna!

Eitt mikilvægasta atriðið í uppbyggingu samfélags er að hlúð sé að ungvíðinu og gætt að því að börn og ungmenni hafi sem jafnasta aðstöðu til að nýta sér fjölbreytt framboð íþróttar og tómtunda. Samfylkingin í Hafnarfirði hóf beinar niðurgreiðslur til barna árið 2002 fyrir allra sveitarfélaga og Mosfellsbær fetaði í fótsporin haustið 2007. Nú eru þessar greiðslur þannig í Samfylkingarbænum Hafnarfirði að fyrir hverja íþróttgrein eða tómtundastarf fær barn að 16 ára aldri 2000 krónur á mánuði. Ef barnið æfir tvær íþróttgreinar fær það 4000 krónur sem gera 48.000 krónur á ári. Mosfellska barnið fær 15.000 króna niðurgreiðslu á ári burtséð frá því hvort það stundar eina eða fleiri íþróttir eða annað tómtundastarf. Reyndar hefur heyrt að hækka eigi greiðslurnar haustið 2008.

Frá haustinu 2008 munu 13-16 ára börn í Hafnarfirði fá 3000 krónur á mánuði fyrir hverja grein sem þau stunda. Sú aðgerð er m.a. ætluð til að sporna gegn brottfalli sem er vandamál á þessum aldri. Í Mosfellsbæ fást niðurgreiðslur frá 6 ára aldri en í Hafnarfirði fá öll börn upp að 16 ára þessar greiðslur. Raunveruleiki fjölskyldnanna í dæminu hér að ofan lítur þá svona út: (Tafla 2)

## Árleg niðurgreiðsla íþróttar og tómtunda

Velgengi sveitarfélaga er ekki bara hægt að lýsa með debet og kredit, eins mikilvæg og góð fjármála-stjórn nú er. Það vita jafnaðarmenn. Velgengina þarf líka að mæla út frá ánægju og upplifun íbúanna, þátttöku og myndun félagsauðs sem tekur yfir lengri tíma en eitt bókhaldsár. Að byggja gott og samheldið samfélag er nefnilega ekki spretthlaup innan hvers bókhaldsárs heldur langhlaup. Á fjögurra ára fresti er hlaupastíllinn lagður í dóm kjósenda og síðan heldur langhlaupið áfram.

Anna Sigríður Guðnadóttir  
Varabæjarfulltrúi og formaður  
Samfylkingarinnar í Mosfellsbæ.



### Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



# BÍLAPARTAR

VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

## TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJIR HLUTIR
- TÍMAREIMAR
- KERTI
- VIFTUREIMAR
- SMURSIJUR
- HREINSIEFNI
- BREMSUKLOSSAR
- PERJUR
- ÖLIJUR



GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Leitum ekki langt yfir skammt!

# Mosfellsku Alparnir

Mosfellingi barst á dögnum skemmtilegt kort frá Elfasi Níelssyni ípróttafræðingi með meiru. Með fylgdu smá leiðbeiningar varðandi þessa skemmtilegu gönguleið í okkar helsta nágrenni.

„Við göngufélagarnir höfum gengið víða en ein skemmtilegasta gönguleiðin er án efa í Mosfellsbæ. Flestir Mosfellingar kannast við fellinn í bænum en færri hafa gengið á þau. Hér er dæmi um ágætan fellahring. Hringurinn er um 18 km og tók gangan um fjóra klukkutíma og var útsýnið fjölbreytt og skemmtilegt.“

**Fellin/fjöllin eru Helgafell, Æsustaðafjall, Reykjafell, Hádegisfell, Hafrafell, Úlfarsfell og Lágafell.**

*Góða skemmtun  
Kv. Elías Níelsson*

**Sá flottasti í bænum**

**Ökukennsla  
Gylfa Guðjónssonar  
Sími: 696 0042**

**Pílus**  
MOSFELLSBÆ

**PÖNTUNARSÍMI:  
566 6090**

# Náttúra Herdísar

Í síðasta blaði Mosfellinga ritaði Herdís bæjarfulltrúi um bókun framsóknarmanna varðandi tengingu Skeiðhólts og Tunguvegar.

Þegar fólk tekur að sér að verða bæjarfulltrúar þá er það krafa í nútíma þjóðfélagi að hlustað sé á rök og álit þeirra sem ekki eru ávalt sammála yfirvaldinu þó svo að framkvæmdavaldið sé hjá valdhöfum.

Í sínum pólitíska rétttrúnaði og einfaldni pirrast Herdís yfir því að við framsóknarmenn erum ekki alveg sannfærðir um tengiveg frá Skeiðholti að Leirvogstungu. Herdís vill meina að fólk misskilji oft það sem yfirvöld eru að framkvæma og reyna að verja náttúruna vegna ein-kahagsmuna. Við gætum skrifað margar blaðsíður um eiginhagsmuni þeirra sem stjórna bænum en þessi grein snýst ekki um það heldur að sveitastjórnarmaður leyfir sér að taka allt úr samhengi varðandi bókun framsóknarmanna.

Einfaldni Herdísar er með eina dæmi og ætti hún að lesa aðeins betur hvað stendur í bókuninni en ekki að reyna að líkja saman hvað má gera og hvað ekki má gera. Staðreyndin er: að umferð mun aukast um Skeiðholt til ama fyrir hverfið, umferð við Lá-



gafellsskóla mun líka aukast en þar lofuðu sjálfstæðismenn göngum til þess að bæta öryggi fyrir nemendur og aðra sem þurfa að fara yfir veginn. Herdís gleymir líka að í kosningaloforðum sjálfstæðismanna er einmitt talað um „nýtt hestúshahverfi og stækkun á núverandi hverfi“. Ég hvet lesendur til að kynna sér loforða lista sjálfstæðismanna sem er ansi merkilegt plagg.

Stjórnsmál snúast um skoðana-skipti en ekki boðanir frá höndum valdhafa. Það er í lagi að vera öðruvísi, það er í lagi að hafa aðrar skoðanir. Herdís tilheyrir flokki sem yfirleitt hneysklast ef aðrir hafa aðra skoðun og refsar þeim sem fara á móti honum.

Árið 1835 í Danmörku var konungur við völd sem hét Friðrik 6. Honum fannst að skoðanir manna færu of langt þegar kom að prentfrelsinu og tjáningarfrelsinu. Hann gaf út yfirlýsingu þess efnis að valdhafar vissu ávalt hvað væri best fyrir fólkið. Spurningin er hvort náttúra Herdísar eigi við árið 1835....

*Óðinn Pétur Vigfússon  
Aðalmaður framsóknarmanna í umhverfisnefnd*

# Opið allan sólarhringinn

**LÖÐUR**

Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellbæ, Reykjavíkurvegi Haf. og í Bæjarlind Kóp.

- miðstöð bilaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! · Sími 544 4540

## Heyrst hefur...



...að fyrsta íslenska klám-myndin hafi verið tekin upp í heimahúsi í Leirvogstungu.

...að nýjasta slagorð Mosfellsbæjar sé, sex í sveit.

...að Sigga Johnsen sé að hætta sem skólástjóri í Lágafellsskóla.

...að Eva Hrönn sé búinn að eiga og Elísabet á hæðinni sé orðin amma.

...að Guðrún Hafsteins skógrættarkona með meiru hafi orðið áttæð á dögnum.

...að N1 hafi auglýst 10 kr. afslátt á bensíni á Bylgjunni um daginn en ekki staðið við loforðið þegar viðskiptavinirnir mættu á svæðið.

...að Batti kokkur og Maddý eigi von á barni í enda ágúst.

...að Einar okkar Ingi handboltakappi hjá Fram hafi verið valinn kynþokkafyllsti línumaður N1 deildarinnar.

...að Kara Hergils komi fyrir í nýjasta myndbandi Mercedes Club.

...að Tanja sé búin að eignast stelpu.

...að Georg Bjarnfreðarson og fleiri úr Næturvaktinni hafi verið á Læðunni á Kentucky. Já, sé alllitt?

...að Viðar Hauks eigi von á barni.

...að Stebbi fimmtiukall sé búinn að eignast son sem gengur nú undir nafninu 25 cent.

...að markmaðurinn Dabbi Svans hafi skorað 3 mörk gegn ÍBV þar sem hann brá sér í hlutverk hornamanns.

...að Útsvarslíðið okkar hafi ekki notað réttu formúluna á föstudaginn.

...að strípparar hafi endurtekið leikinn á Herrakvöldi hjá hestamönnum á dögnum.

...að nammivigtirnar í Bónusvideo séu misstilltar. Nammíð þyngist víst þegar maður borgar.

...að Meðalfellsvatn sé komið á Veðikortíð.

...að eitt glæsilegasta einbýlishús bæjarins sé nú til sölu á 100 millj. Leirutangi 30 neðst í botnlanga.

...að Diddú og Keli hafi brugðið sér til London að sjá dóttur sína spila með brassbandinu á tónleikum Bjarkar Guðmundsdóttur.

mosfellingur@mosfellingur.is

# UNGLINGURINN

Nafn: Hörður Freyr Svansson

Gælunafn: Á ekki eins og er

Aldur: 93 módel

Bekkur : 9 S.Ó.

Áhugamálf?: Snowcross, motorcross og blak

Besta nammi? Mars

Ríkir kreppa hjá þér? Nei, ekki orðið var við hana.

Fyrirmyndar kennari er?: Dabbi kóngur

Til hvers er bindi? Til hvers er blöðruhálskirtill?

maður spyr sig

Ertu skotinn? Nei

Ef þú værir dýr þá værir þú? Eitthvað rautt

Ef þú værir bók, um hvað fjallaðir þú?

Ísbíla

Ef þú værir mynd, hvað væri að sjá? Mig

Ef þú værir hljóð, í hverju heyrðist? Túbu

Hvað finnst þér um ljóst hár?

Það er ekki inni

Hvað finnst þér um Mercedes club?

Jájá

Hvaða Celeb þekkir þú? Geir Ólafs

Finnst þér eitthvað um skordýr?

Já þau eru töff

Hvað finnst þér fallett? Gras

Hvað ættu allir að prófa?

Að vera rauðhærðir

Hræðist þú eitthvað? Já eitthvað

Góðir framhalds-þættir? Heroes

Hvað gafstu í gjöf seinast?

Pening

Ef þú ættir 3 óskir, hvers

óskaðir þú þér?: 1 pening

2 peace 3 ferskjur



mynd/texti/oddvar

## Stöku sinnum

„Harðir á strippinu“ var fyrirsögn á forsíðu 24 stunda en fréttin var um karlavöld hestamannafélags þar sem nektardans var meðal atriða. Kristján Bersi Ólafsson orti:

*Hestamenn harðir á strippinu hugsa einlegt með typpinu. Í reiðskjóta spá og reyna að ná tókum á vakrasta trippinu.*



## 1. bekkingar fá hjólahjálma

Um mánaðarmótin munu Kiwanisklúbbarnir Geysir og Mosfell fara um grunnskóla bæjarins og gefa börnum í 1. bekk hjálma. Þannig að foreldrar þurfa ekki að örvænta og hlaupa út í búð. Krakkarnir fara með hausinn í lagi út í hjólasumarið í boði kiwanisklúbanna.

www.mosfellingur.is

## Í eldhúsinu

HJÁ HELGU

### Gúmmí kjúklingur

Við kíktum í eldhúsið hjá Helgu Grétu Kristjánsdóttur eiganda „Einu sinni var...“

„Karrý kjúklingur eða Gúmmí kjúklingur eins og þessi uppskrift er kölluð heima hjá mér er í sérstöku uppáhaldi hjá honum syni mínum Ara Daniel. Þeir sem ekki þola sterkan mat minnið þá magnið af chilli sem sett er í uppskriftina.“

#### Uppskrift

4 Kjúklingabringur  
1 dós Kókosmjólk  
1.5 msk curry frá Rajah

100gr smjör  
Hálfur bolli hvítvín, má sleppa, setjið þá meiri kókosmjólk  
1 msk hot chilli  
Sætt Mangó chutney

Setjið bringurnar í eldfast mót, bræðið smjórið, hrærið saman curry, chilli, kókosmjólk, bræddu smjóri og hvítvíni. Hellið í eldfasta mótið og bakið í ofni við 180° í 40 mín. Smyrjið þá bringurnar með mangó og bakið í ca 15 mín.



Berið fram með hrísgrjónum, jógúrt-sósu, nan brauði og steiktum bönum. Skerið banana í sneiðar, veltið upp úr kókosmjóli og þurrsteikið á pönnu. Í jógúrt sósunni er hreint jógúrt, smátt skorin agúrka og dash af cumin.

Gleðilegt  
sumar



Katrín og Kjartan eru Íslandsmeistarar í grjótglímu

# Krakkar í klettaklifri

Þann 13. apríl urðu tveir ungir Mosfellingar Íslandsmeistarar í grjótglímu sem er afbrigði klettaklifurs. Katrín Hrund Eypórsdóttir, 17 ára, sigraði í kvennflokki 16 ára og eldri en Kjartan Jónsson, 14 ára, sigraði í karlaflokki 13-15. ára. Krakkarnir hafa æft klifur af kappi í Klifurhúsinu Skútuvogi. Katrín hefur æft í tvö ár en Kjartan í 16 mánuði. Klifur er mjög erfið íþrótt sem reynir á þol, styrk og tækni. Í vetur hafa krakkarnir æft minnst fjórum sinnum í viku allt að fjóra tíma í senn og á tímabili eyddu þau nánast öllum frítíma sínum í Klifurhúsinu. Bæði Katrín og Kjartan hafa keppt fyrir Lá-gafellsskóla í skólahrey-sti, Katrín var í liði Lá-gafellsskóla í fyrra og árið þar áður en Kjartan í ár.



Ágætu Mosfellingar og nærsveitarmenn.

**Garðáhöldin komin og eru í miklu úrvali.**

Hef einnig tekið upp mikið af alls konar handverkfærum og er allt hér á mjög góðu verði.

**Gleðilegt sumar**

## BYMOS

Bymos-byggingavöruverslun Mosfellsbæjar  
Háholt 14, s. 586 1210 – 897 6158

**Opnunatímar:**

Mánudagur-föstudagur 10:00-18:00

Laugardagur 10:00-16:00

Takk fyrir að versla í heimabyggð

Allar sóttar pizzur með **30% afslætti**

Gildir ekki með öðrum tilboðum

**ÞÚ SÆKIR**

**Tvær fyrir eina** Þú kaupir tvær pizzur af sömu gerð, með eins mörgum áleggstegundum og þú vilt. Þú greiðir fyrir dýrari pizzuna en ekkert fyrir hina. Tilboðið gildir ef pizzan er sótt og keypt er með henni eitt af þessu:

- Brauðstangir, stór skammtur með sósu
- 2l af Coke, Diet Coke, Sprite, Fanta eða Fresca



Þverholti 2, Kjarna  
Sími: 55-44444



# SPURNING TIL BÆJARBUA

Hvað ætlar þú  
að gera í sumar?



**SINDRI:**

Vera á krossaranum mínum.



**VIKTOR:**

Vinna og hafa gaman.



**HANNA:**

Vera í nýja heita pottinum.




**ÞÓRUNN OG ERNA:**

Fara á landsmót og vinna.



**SIGURLAUG:**

Fara í sund í góða veðrinu.



**SKÍRNIR:**

Vinna og djamma.



Jónsi í hvítum fötum



Allt fyrir ástina



Fimm háskólapróf



Auður og Stulli



Tom Selleck



Rokklingarnir



Fermingarmyndataka ársins



Þrír flottir úr 270



Synir Ingvars og Egils

## HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Kíví stelpur



Vantar hvorki verk né vit



Davíð Bjé og Ragnheiður



Frændsystkinin dansa kónga



Stórsöngvarinn æfir pösur



Stjáni berar sig



Áhyggjuleysi og afslöppun



Stelpurnar á Uxa



Brynjan



Ísmaður og einkaþjálfari



DJ hress



Þóra hjólar

mosfellingur@  
mosfellingur.is



**GAUI Á GRÖFUNNI (70)**

**HÉLT KÚREKAPARTÝ**

**FYRIR STARFSMENN VGH**

**TVÍFARAR**



**RAGGI ÓLA**



**FELIX BERGSSON**



**Boltinn í beinni**



**Nýr skjávarpi**




# SÖÖÖÖGU- STUND

Í þetta skitpið ákvað ég að hafa sögustund í boði mín. Þetta er lífsreynslusaga eins og sést oft í vinsælum tímaritum landsins t.d. vikunni. Þar lesum við oft um fólk sem hefur lent í hinum verstu hugsanlegum atvikum, svo sem svikum, framhjáhöldum, sjúkdómum og gjaldþrotum. Mín er ekki síður átakanleg sem eftirfarandi sannar.

Núna er ég starfsmaður hjá World Class í laugum. Þar er ég að vinna í afgreiðslunni sem og kenna dans.

Einn góðan fimmtudag ákvað ég að taka kvöldið í það að fara þangað niðureftir fá lánaðan sal og semja dansa fyrir kennslu næsta dags. Ég var að koma úr ballet svo ég var í balletfötum. Ég fer upp og byrja að semja. Eitt hvað skortaði mig sköpunargleðina það kvöldið og ekkert gekk. Ég segi við sjálfa mig: "Ahh sleppi þessu bara og fer niður að hlaupa." Vildi svo skemmtielga til að ég var með æfingafötin með mér upp í sal. Að sjálfsögdum nennti ég ekki að labba niður TVÆR hæðir til að skipta um föt þar sem ég var nú að fara að hlaupa í dagóða stund. "Pff.. Ég skipti bara hér", hugsaði ég með mér og dreg athyglina að því að ég þurfti að fara úr öllu þar sem balletbolurinn er samfestingur. "Ekki eins og einhver komi hérna inn akkúrat þær 15 sek sem ég er að skipta, plús það að ég er með læst". Gott fólk, ég hafði rangt fyrir mér! Akkúrat þá sekúndu sem ég stend þarna á SOKKUNUM EINUM SAMAN heyrir ég hurðinni rykkt upp. Inn gengur Danilo, sem vinnur sem ræstingarmaður þarna. Við horfumst í augu andartak, svo lét ég mig falla í gólfíð og hann labbaði á hurðina! Ég íhugaði alvarlega að skila inn uppsagna-reyðublaði á þessum tímupunkti. En ákvað þó að taka þroskuðu leiðina á þetta, halda starfinu og hlaupa í burtu í hvert skipti sem ég sé glitta í ræstingarfólkið.

Kara strípalíngur



## SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

### Til sölu orgel

Klassískt digitalt orgel, 38 raddir, þriggja borða. Hentugt fyrir kirkju eða safnaðarheimili, eða sem æfingarhljóðfæri fyrir organista og orgelnemendur. Verð: 700.000 eða tilboð  
Uppl. 898 2016 eða 553 7535

### Vestfirskar ævisögur

Er með til sölu vestfirskar æviskrár. 1.-4. bindi. (Arnardalsætt)  
Upplýsingar í síma 586-1643.

### Vantar barnapössun

Ég á 20 mánaða gamla hressa stelpu sem mig vantar pössun fyrir í 8-9 tíma á daginn í sumar. Við búum í Danmörku en verðum á Íslandi í júlí og ágúst. Ef þið hafið áhuga endilega hafið samband í 496-0229 eða með tölvupósti á [asavilborg@gmail.com](mailto:asavilborg@gmail.com).

### Húsnæði óskast til leigu

5 manna fjölskyldu bráðvantar húsnæði (4 svefnherbergi), til leigu í Mosfellsbæ sem fyrst (fyrir vorrið/sumarið) til skemmri eða lengri tíma. Helst í höfða-, hlíða eða tanga-hverfi. Góðri umgengni heitið ásamt skilvísium greiðslum. Vinsamlegast hafið samband við Einar s: 844 4649 eða Maríu s: 896 7023.

### Raðhús í Töngum til leigu

Um er að ræða 87 fm, hús á góðum stað í Dalatanga, Huggulegt lítið raðhús á barnvænum stað, stutt í alla þjónustu. Snyrtilegur garður með palli í suðri. Aðeins reglusamir og skilvísir leigendur koma til greina. uppl. í síma 770-0880 eftir kl:18:00.

### Íbúð óskast til leigu

3 til 4 herb. íbúð óskast til leigu í Mosfellsbæ.  
Símar, 8636306 og 8620061.



**Mánudagar:** lokað  
**Þriðjudagar-fimmtudagar:**  
17:00-01:00  
**Föstudagar og laugardagar:** 13:00-03:00  
**Sunnudagar:**  
13:00-01:00

## Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti

# ÍSHAMAR

## Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586 8356 (verkstæði) - fax 586 8357  
s. 894 0006 (Gunnar) - [ishamar@ishamar.is](mailto:ishamar@ishamar.is)



## BLÓM GLEÐJA

Hlín  
Blómahús

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700

zur präðlaust net kaldur af krana cre  
holtinn í beinni kaffi risaskjár samlok  
samlokur lasagne heitt súkkulaði



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040

rebes pizzur kaffi risaskjár samlokur  
isagne heitt súkkulaði boltinn í beinni  
smiokur präðlaust net kaldur af krana



Viltu betri heilsu?  
Leitaðu til ráðgjafa  
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir  
Herbalife ráðgjafi í Mosfellsbæ  
Sími: 869 9913  
[betriheilsa.is/ragga](http://betriheilsa.is/ragga), [raggasj@gmail.com](mailto:raggasj@gmail.com)



## Góður sölumaður óskast



Erum að markaðssetja nýja  
þjónustu á Íslandi.  
Góð sölupóknun í boði.

Upplýsingar í sínum 660 7777 og 697 8627.



S. 55 44444  
Pverholti 2  
Kjarna

# MOSFELLINGUR

GK  
Snyrtistofa

Kjarna  
Pverholti 2  
Sími: 534 3424



## Stóra upplestrarkeppnin

Úrslit Stóru upplestrarkeppnina fór fram í Hlégarði þann 3. apríl. Keppnin var á milli nemenda 7. bekkja Lágafellsskóla og Varmárskóla. Í fyrsta sæti varð Kjartan Elvar Baldvinsson, í öðru sæti Friðrik Sigurðsson, báðir í Lágafellsskóla, og í þriðja sæti varð Anna Vilhjálmsdóttir í Varmárskóla. Elvar Kató Sigurðsson í Lágafellsskóla fékk sérstök verðlaun fyrir framúrskarandi flutning á ljóði og Darri Valgarðsson fyrir myndskreytingu á boðskorti.

Mynd/Hilmar



### Klapparhlíð

Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opíð í eldhúsi úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur.



### Bugðutangi

Falleg 202 fm raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr á rölegum stað við botngötu í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 4 svefnh. og stór stofur. Ný og falleg eldhúsinnrétting. Verönd og fallegur garður. **V. 39,9 m.**



### Leirutangi - sér inngangur

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi.



### Svöluhöfði - Nýtt í sölu

Mjög glæsilegt 209 fm. einbýli við Svöluhöfða í Mosfellsbæ. Húsið er á einni hæð og vel innréttað. Vandaðar innréttingar og gott skipulag. Gott hús í einu vinsælasta hverfi bæjarins.



### Litlikriki - Tvö hús eftir

Afar glæsilegt og vel skipulagt 195 fm. raðhús á einni hæð við Litlikrika í Mosfellsbæ. Húsið stendur ofan götu og er skógræktarsvæði í hlóðinni ofan við húsið. Flott staðsetning. Aðeins tvö hús eftir. **V. 40,9 m.**



**588 55 30**

**Pétur Pétursson**  
löggiltur  
fasteignasali  
897-0047



**Grétar J. Stephensen**  
löggiltur  
fasteignasali  
861-1639



### Krókabyggð

Glæsilegt 221 fm parhús á tveimur hæðum á stórrí og fallegri lóð. Húsið skiptist í þrjú svefnh. glæsilegt baðherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús, gestasalerni, þvottahús og 34,5 fm bílskúr. Stórar svalir eru á efri hæð. **V. 49,9 m.**



### Lindabyggð

Glæsilegt 186 fm parhús á einum vinsælasta stað í Mosfellsbæ. Í húsinu eru fjögur góð svefnherbergi, sólskáli áfastur við stofu. Lokað bílskylí og gróinn garður. Upptekin loft í stofu. Vandaðar innréttingar og gólfefni.



### Brekkutangi - m/aukaíbúð

Vel staðsett 288 fm tveggja hæða endaraðhús auk kjallarara með sér íbúð. Góður garður sem snýr í suðvestur. **V. 49,8 m.**



### Rituhöfði

Nýkomíð í sölu glæsilegt 167 fm. parhús á einni hæð við Rituhöfða. Flott lóð með hellulögnum og varmalögnum undir. Fallegur garður. Innbyggður bílskúr. Tvö baðherbergi og vandaðar innréttingar. Sólpallur með skjólveggjum. **V. 44,9 m.**